



Greinargerð

Endurmat á skilyrðum fyrir innflutningi hunda og katta

11. desember 2019



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Veirur.....	4
1.1. Hundafár (Canine distemper).....	4
1.2. Hundaherpes (Canine herpes virus)	5
1.3. Smitandi lifrabólga í hundum (Infectious canine hepatitis)	6
1.4. Smáveirusótt (Canine parvovirus).....	8
1.5. Hundæði (Rabies).....	9
1.6. Hundainflúensa (Canine influenza)	12
1.7. Parainflúensa (Canine parainfluenza)	14
1.8. Kattakvef (Feline calicivirus)	15
1.9. Kattahvítblæði (Feline leukemia virus)	17
1.10. Kattaeyðniveira (Feline immunodeficiency virus)	18
1.11. Kattafár (Feline panleukopenia)	20
1.12. Kattaflensa (Feline rhinotracheitis).....	21
1.13. Smitandi lífhimnubólga í köttum (Feline infectious peritonitis)	23
1.14. Kattabóla (Cat pox).....	25
2. Bakteríur.....	26
2.1. Leptóspírúsýking (Canine leptospirosis)	26
2.2. Brúsellúsýking (Canine brucellosis)	28
2.3. Kampýlóbaktærisýking (Campylobacteriosis).....	30
2.4. Salmonellúsýking (Salmonellosis).....	32
2.5. Borrelíúsýking (Borreliosis)	34
2.6. Rickettsíúsýking (Rocky Mountain Spotted Fever, Flea-Borne Spotted Fever)	37
2.7. Ehrlichíúsýking (Ehrlichiosis).....	40
2.8. Bordetellúsýking	43
2.9. Klamydíu- og mýkoplasmasýking.....	45
3. Innvortis sníkjudýr.....	47
3.1. Babesíúsýking (Babesiosis).....	47
3.2. Leishmaníúsýking	51
3.3. Þráðormar (Nematoda): Bitormar – <i>Anchylostoma</i> spp.....	52
3.4. Þráðormar (Nematoda): <i>Strongyloides</i> spp	54
3.5. Þráðormar (Nematoda): Hjartaormur <i>Dirofilaria immitis</i> og <i>Dirofilaria repens</i>	55
3.6. Þráðormar (Nematoda): Hjartaormur <i>Angiostrongylus vasorum</i>	57
3.7. Þráðormar (Nematoda): Tunguormur <i>Linguatula serrata</i>	59
3.8. Bandormar (Cestoda): Refasullur <i>Echinococcus multilocularis</i> (sullaveikifár).....	60
3.9. Bandormar (Cestoda): Ígulbandbormur <i>Echinococcus granulosus</i> (sullaveiki)	62
3.10. Ögður (Trematoda)	64
4. Útvortis sníkjudýr	66
4.1. Smámítlar (mites): Kláðamítill (<i>Sarcoptes scabiei</i>)	66
4.2. Flær	67
4.3. Lús: Blóðlús	69
4.4. Mítlar (ticks): Brúni hundamítillinn og ameríski hundamítillinn	71
5. Sveppasýkingar	73
5.1. Húðsveppir	73
6. Önnur smitefni	74
6.1. Smitandi kynfæraæxli í hundum (Canine Transmissible Venereal Tumor / CTVT).....	74

7. Tillögur að breytingum á innflutningskröfum.....	75
7.1. Viðurkennd útflytningslönd.....	75
7.2. Opinber áritun heilbrigðisvottorða	77
7.3. Einangrun eftir komu til landsins	78
7.4. Skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir innflutning	78
7.5. Skilyrði sem þarf að uppfylla í einangrun	80
7.6. Hjálparhundar	81
7.7. Aðrir þjónustuhundar	82
Viðauki: Samantekt á tillögum um breytt heilbrigðisskilyrði	84

Inngangur

Greinargerð þessi er svar við erindi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 2. apríl sl. þar sem óskað var eftir afstöðu Matvælastofnunar á áhættumati Preben Willeberg (PW) frá 23. mars 2019, *Risk Assessment of Import of dogs and cats to Iceland - with special attention to guide dogs*. Einnig var óskað álits Matvælastofnunar á því hvort mögulegt væri að stytta almenna sóttkví fyrir alla hunda og eftir atvikum ketti. Einnig hvort mögulegt væri að slaka á kröfum um sóttkví fyrir leiðsögu- og hjálparhunda.

Áhættumat Preben Willeberg (PW) nær yfir 54 sjúkdóma, þ.e. sjúkdóma hunda og katta sem tilgreindir eru í reglugerð nr. 52/2014 um tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma auk sjúkdóma sem teknir voru fyrir í áhættumati sem framkvæmt var árið 2002 og núgildandi reglugerð um innflutning gæludýra byggir á. PW framkvæmdi ekki hættuauðkenningu (hazard identification) til að greina aðra mögulega smitsjúkdóma en þessa 54, sem gætu borist með hundum og köttum. Í áhættumatinu eru sjúkdómarnir fyrst flokkaðir eftir því hve miklar líkur er á að þeir berist til Íslands með hundum og köttum (likelihood of entry) og því næst er áhættan metin með því að taka tillit til alvarleika afleiðinga þess að sjúkdómarnir bærust til landsins. Áhættumat PW tekur ekki til áhættustjórnunar, t.d. hvort mögulegt væri að gera breytingar á núgildandi innflutningslöggjöf.

Í greinargerð þessari frá Matvælastofnun er fjallað um þá sjúkdóma sem miðlungs eða miklar líkur eru á að berist með innfluttum hundum og köttum skv. mati PW. Einnig eru teknir fyrir nokkrir sjúkdómar/smitefni til viðbótar sem ekki eru nefndir í áhættumati PW sem talið var nauðsynlegt að meta í þessu samhengi, m.a. vegna þess að þeir hafa greinst í innfluttum hundum eða vegna þess að um er að ræða sjúkdóma sem ekki voru þekktir þegar fyrra áhættumat var gert árið 2002. Jafnframt er lagt mat á nokkra sjúkdóma sem berast með smitferjum, t.d. skordýrum og sníkjudýrum, en ætla má að slíkar smitferjur verði algengari hérlendis þegar fram í sækir ef tekið er mið af þeim breytingum sem orðið hafa á skordýraflóru Íslands undanfarna ár og áratugi.

Miðað er við mat á líkum á að smit berist til landsins með innfluttum hundum og köttum (likelihood of entry), ekki endanlegt mat á áhættu, þar sem höfundar telja að grundvöllur fyrir mati á líkum á að smitið berist í önnur dýr eða fólk og afleiðingar þess sé veikur, m.a. vegna skorts á rannsóknum.

Fjallað um hvern og einn sjúkdóm/smitefni í köflum 1-6 og núgildandi innflutningsskilyrði til Íslands borin saman við skilyrði til innflutnings til Nýja-Sjálands, Ástralíu og Evrópusambandsins. Þá eru gerðar tillögur að lágmarksmótvægisáðgerðum sem í sumum tilfellum fela í sér breytingar frá núgildandi reglum. Texti um skilyrði vegna innflutnings hunda og katta til Íslands byggist á reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis eða eftir atvikum reglugerð nr. 432/2003 um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr. Upplýsingar um innflutningsskilyrði í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Evrópusambandinu voru fengnar á opinberum vefsíðum viðkomandi yfirvalda eða í samskiptum við viðkomandi stofnanir.

Í 7. kafla eru teknar saman tillögur að breytingum á innflutningskröfum fyrir hunda og ketti. Þær fela m.a. í sér aukinn undirbúning fyrir innflutning sem á sér stað í útflutningslandi, þ.e. bæði hvað varðar bólusetningar, rannsóknir, meðhöndlun og heilbrigðis skoðun. Á móti kemur að lagt er til að einangrun verði stytta úr fjórum vikum í 14 sólarhringa. Ekki er litið svo á að verið sé að slaka á kröfum heldur er öðrum aðferðum beitt til þess að halda uppi sömu eða jafnvel meiri vörnum gegn smitsjúkdómum en nú er gert.

Jafnframt er fjallað sérstaklega um innflutningsskilyrði hjálparhunda, sem lagt er til að verði þau sömu og fyrir innflutning annarra hunda, að öðru leyti en því að möguleiki verði gefinn á að hundarnir dvelji í 14 sólarhringa í viðurkenndri heimasóttkví í stað einangrunarstöðvar.

1. Veirur

1.1. Hundafár (Canine distemper)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að hundafár berist til landsins með innfluttum hundum. Hundafár er alvarlegur sjúkdómur í hundum og þekktist hann einnig í mörgum öðrum tegundum kjötæta, þ.á.m. villtum hundum, refum, sléttuúlfum, pöndum, úlfum, frettum, skunkum, þvottabjörnum, stórum kattardýrum, selum og sumum tegundum primata. Sýnt hefur verið fram á smit í köttum en slíkt má líklega rekja til náinna samskipta við hunda eða blóðgjafa úr smituðum köttum. Smit í köttum eru talin einkennalaus. Veiran hefur áhrif á öll líffærakerfi og hjá óbólusettum dýrum er dánartíðni há.

1.1.1. Almennt um sýkinguna

Orsök: *Paramyxoviridae* genus *morbilli*

Meðgöngutími: Allt að 6 vikur en í flestum tilfellum 1-4 vikur.

Einkenni: Einkennandi fyrir sjúkdóminn er tvífasa hiti; 3-6 dögum eftir smit kemur fram hækkaður líkamshiti og svo aftur nokkrum dögum síðar ásamt fleiri einkennum eins og útferð úr augum og nefi, hósti, jafnvel lungnabólga, slappleiki, lystarleysi og uppköst. Veiran leggst á taugakerfið og þá koma fram einkenni eins og vöðvakrampar og hundurinn hallar höfðinu og gengur í hringi. Í sumum tilfellum koma einkenni fyrst fram einhverjum vikum eftir smit og þá frá taugakerfi. Sjúkdómurinn er oft banvænn. Hjá hundum sem ná sér getur veiran fundist áfram í æða- og lithimnu augans, miðtaugakerfinu, eitlum og þófum þrátt fyrir að veirunni hafi verið útrýmt úr flestum líffærum og blóðinu. Þetta getur framkallað sk. „old dog encephalitis“ sem lýsir sér með einkennum frá taugakerfi sem geta staðið í nokkrar vikur og endar jafnan með dauða. Fólk er ekki móttækilegt fyrir hundafári.

Smitleið: Mjög smitandi – dropasmit - beint eða óbeint. Veiran lifir í nokkrar klukkustundir við herbergishita en lengur í kulda/raka.

Útbreiðsla: Fyrirfinnst um allan heim. Hefur komið upp á Íslandi nokkrum sinnum með alvarlegum afleiðingum, síðast á 7. áratug síðustu aldar. Telst ekki landlægt á Íslandi.

Greining: Veirugreining úr stroki úr nösnum eða hornhimnu eða í blóði. Mótetnamæling.

Meðhöndlun: Stuðningsmeðferð. Fylgikvillar geta verið varanlegir og valdið sjúkdómi árum síðar.

1.1.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Á síðustu 730 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn hundafári. Hundar skulu fullbólusettir gegn hundafári. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar. Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn hundafári.

Heilbrigðisskoðun: 5-10 dögum fyrir innflutning skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáländ:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. Your dog must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease and be examined for canine transmissible venereal tumour (CTVT).

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna hundafárs, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðvar.

Ástralía:

The dog must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engar sértækar mótvægisáðgerðir vegna hundafárs. Þó mælt með því að hundar séu bólusettir gegn hundafári og að bólusetningin sé í gildi svo lengi sem hundurinn er í einangrun.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi hundafár.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi hundafár en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.1.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Gild bólusetning samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Síðasta bólusetning a.m.k. 14 sólarhringum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsóknanna.

1.2. Hundaherpes (Canine herpes virus)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur eru á að hundaherpes berist til landsins með innfluttum hundum. Hundaherpes finnst um heim allan. Veiran veldur vægum öndunarfæraeinkennum hjá fullorðnum hundum en hins vegar alvarlegum veikindum hjá nýfæddum hvolpum, auk fósturláta. Önnur dýr úr hundætt geta einnig smitast af hundaherpes.

1.2.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: *Herpesviridae*

Meðgöngutími: 6-10 dagar

Einkenni: Fósturlát eða alvarleg veikindi hjá nýfæddum hvolpum með dánartíðni yfir 80% (fading puppy syndrome). Hvolparnir hætta að drekka, væla mikið og verða mjög slappir með auman og þaninn kvið og linar hægðir. Einnig sjást öndunarfæraeinkenni og útferð úr nösnum. Helstu einkenni hjá heldri hundum er útferð úr nösnum en algengt er að smitberar séu heilbrigðir. Fólk er ekki móttækilegt fyrir hundaherpes.

Smitleið: Frá móður til fósturs í fæðingarvegi eða með vessum úr munni/nefi frá móður eða öðrum smituðum hundum. Veiran er óstöðug í umhverfinu og því er sjaldnast um að ræða óbeint smit.

Útbreiðsla: Fyrirfinnst um allan heim, þ.m.t. á Íslandi. Algengi mótefna (seroprevalens) 20-98%, fer eftir svæðum.

Greining: Krufning, veirugreining.

Meðhöndlun: Stuðningsmeðhöndlun.

1.2.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland

Heilbrigðisskoðun: 5-10 dögum fyrir innflutning skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Annars engin sértæk innflutningsskilyrði vegna hundaherpes.

Nýja-Sjáland:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. Your dog must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease and be examined for canine transmissible venereal tumour (CTVT).

Enging sérstök skilyrði vegna hundaherpes, þ.e. bólusetning eða sýnatökur, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðvar.

Ástralía:

The dog must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna hundaherpes.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi hundaherpes.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi hundaherpes en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.2.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Hundaherpes finnst á Íslandi. Er því lagt til að ekki verði farið fram á sérstakar mótvægisáðgerðir vegna sjúkdómsins. Er það í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS samninginn).

Sjúkdómurinn er fyrst og fremst vandamál hjá nýfæddum hvolpum / hvolpafullum tíkum en ekki er lagt til að gerðar verði breytingar á skilyrðum hvað varðar innflutning slíkra hópa, þ.e. óheimilt verður að flytja inn hvolpafullar tíkur og tíkur með hvolpa á spena.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.3. Smitandi lifrabólga í hundum (Infectious canine hepatitis)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur eru á að smitandi lifrabólga berist til landsins með innfluttum hundum. Smitandi lifrabólga finnst um heim allan en er haldið niðri með bólusetningum víðast hvar.

1.3.1. Almennt um sýkinguna

Orsök: *Adenoviridae / canine mastadenovirus 1*

Meðgöngutími: 4-9 dagar

Einkenni: Helstu einkenni eru lystarleysi, hálsbólga, uppköst, niðurgangur, þorsti, hár hiti, eymsli í kviðarholi og hósti, hvarmabólga, blóðstorkuvandamál og jafnvel krampar og meðvitundarleysi. Bjúgur í hornhimnu kemur fram hjá u.þ.b. fjórðungi hunda í bata. Dánartíðni er 10-30% og hæst hjá mjög ungum hundum. Fólk er ekki móttækilegt fyrir smitandi lifrabólgu.

Smitleið: Frá hundi til hunds beint eða óbeint með saur, þvagi og öðrum vessum. Hundar geta skilið veiruna út í þvagi í allt að 6 mánuði eftir smit.

Útbreiðsla: Fyrirfinnst um allan heim, einnig á Íslandi. Sjúkdómurinn er talinn hafa borist til Íslands snemma á 9. áratug síðustu aldar.

Greining: Veirugreining í blóðsýni eða mótefnamæling.

Meðhöndlun: Stuðningsmeðhöndlun. Hundar sem ná sér mynda mótefni.

1.3.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn smitandi lifrabólgu (hepatitis contagiosa canis). Hundar skulu fullbólusettir gegn lifrabólgu. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar. Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn smitandi lifrabólgu.

Heilbrigðisskoðun: 5-10 dögum fyrir innflutning skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. Your dog must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease and be examined for canine transmissible venereal tumour (CTVT).

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna smitandi lifrabólgu, þ.e. bólusetning eða sýnatökur, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðvar.

Ástralía:

The dog must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna smitandi lifrabólgu. Þó mælt með því að hundar séu bólusettir gegn smitandi lifrabólgu og að bólusetningin sé í gildi svo lengi sem hundurinn er í einangrun.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi smitandi lifrabólgu.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi smitandi lifrabólgu en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.3.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Smitandi lifrabólga í hundum finnst á Íslandi en er haldið niðri með bólusetningum og góðu hjarðónæmi. Er því lagt til að ekki verði farið fram á sérstakar mótvægisáðgerðir vegna smitandi lifrabólgu. Er það í

samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS samninginn).

Skilyrði vegna vistunar í einangrunarstöð:

Ef krafist verður einangrunar við innflutning er nauðsynlegt að taka tillit til þess að þar eru margir hundar vistaðir samtímis og þar með eykst smítalag. Lagt er til að gerð verði krafa um bólusetningu gegn smitandi lifrabólgu vegna vistunar í einangrunarstöð: gild bólusetning samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Síðasta bólusetning a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.4. Smáveirusótt (Canine parvovirus)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur eru á að smáveirusótt berist til landsins með innfluttum hundum. Smáveirusótt finnst um heim allan en er haldið niðri með bólusetningum.

1.4.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: *Parvoviridae / canine parvovirus*

Meðgöngutími: 4-7 dagar

Einkenni: Uppköst, niðurgangur, vökvapurrd, dánartíðni er 10-30% en hærrí án réttar meðhöndlunar. Fólk er ekki móttækilegt fyrir smáveirusótt.

Smitleið: Bein eða óbein, veiran skilst út í miklu magni í saur og er mjög stöðug og getur lifað lengi í umhverfinu. Því er mjög mikilvægt að það fari fram þrif og sóttthreinsun þar sem veikir hundar hafa verið.

Útbreiðsla: Einn algengasti veirusjúkdómurinn í hundum um allan heim. Greindist fyrst á Íslandi árið 1992.

Greining: Veirugreining í saur eða blóði, mótefnaþæling.

Meðhöndlun: Stuðningsmeðhöndlun. Hundar sem ná sér mynda mótefni.

1.4.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn smáveirusótt. Hundar skulu fullbólusettir gegn smáveirusótt. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar. Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn smáveirusótt.

Heilbrigðisskoðun: 5-10 dögum fyrir innflutning skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. Your dog must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease and be examined for canine transmissible venereal tumour (CTVT).

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna smáveirusóttar, þ.e. bólusetning eða sýnatökur, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðvar.

Ástralía:

The dog must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Enging sérstök skilyrði vegna smáveirusóttar, þ.e. bólusetning eða sýnatökur. Þó mælt með því að hundar séu bólusettir gegn smáveirusótt og að bólusetningin sé í gildi svo lengi sem hundurinn er í einangrun.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi smáveirusótt.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi smáveirusótt en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.4.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Smáveirusótt í hundum finnst á Íslandi en er haldið niðri með bólusetningum og góðu hjarðónæmi. Er því lagt til að ekki verði farið fram á sérstakar mótvægisáðgerðir vegna smáveirusóttar. Er það í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS samninginn).

Skilyrði vegna vistunar í einangrunarstöð:

Ef krafist verður einangrunar við innflutning er nauðsynlegt að taka tillit til þess að þar eru margir hundar vistaðir samtímis og þar með eykst smítalag. Lagt er til að gerð verði krafa um bólusetningu gegn smáveirusótt vegna vistunar í einangrunarstöð: gild bólusetning samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Síðasta bólusetning a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.5. Hundaeði (Rabies)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru litlar líkur á að hundaeði berist til landsins með innfluttum hundum eða köttum. Hér er þó um að ræða banvænan sjúkdóm sem borist getur í margar tegundir spendýra og þar á meðal menn og er hann því tekinn fyrir hér. Hundaeði er sá sjúkdómur sem vegur þyngst hvað varðar mótvægisáðgerðir, þ.e. skilyrði vegna flutnings hunda og katta á milli landa.

1.5.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: *Rhabdoviridae / lyssavirus*

Meðgöngutími: Nokkrir dagar og allt að 6 mánuðir (jafnvel lengri, en skilgreining OIE er 6 mán.) Rannsóknir hafa sýnt að meðgöngutími hjá hundum og köttum er á bilinu 9-60 dagar. Bitstaður og veirumagn hefur hér mest að segja. Ef bit er nálægt höfði koma einkenni fram fyrr en ef bitið er á útlím.

Einkenni: Sjúkdómurinn er banvænn og einkenni eru frá taugakerfi; heilahimnu-, heila- og mænubólga. Dæmi um einkenni eru vatnsfælni, aukin munnvatnsframleiðsla, máttminkun eða lömun,

hegðunarbreytingar, hár hiti og að lokum öndunarstopp og dauði, að jafnaði 10-12 dögum eftir að einkenni koma fram.

Smitleið: Bit af sýktu dýri, einnig getur smit borist með líkamsvessum í brotna húð, t.d. þegar sýkt dýr sleikja sár/slímhúðir. Smitdreifing hjá sýktum dýrum getur hafist um 15 dögum áður en sjúkdómseinkenni þeirra koma fram.

Útbreiðsla: Hundaeði er útbreiddur sjúkdómur og finnst í öllum heimsálfum nema í Ástralíu og á Suðurskautslandinu. Árlega láta 55.000-70.000 manns lífið af völdum hundaeðis, aðallega í Asíu og Afríku. Hundar eru valdir að 99% tilfella af hundaeði í fólki. Hundaeðistilfelli í Evrópu eru ýmist vegna smits frá villtu dýri á svæðinu (villtir/heimilislausir hundar) eða vegna innflutnings á smituðu dýri frá svæði þar sem sjúkdómurinn er landlægur.

Í löndum þar sem hundaeði er landlægt er algengi mismunandi og veltur það fyrst og fremst á hversu vel tekst að fylgja eftir áætlunum um útrýmingu sjúkdómsins. Í löndum og á svæðum þar sem hundaeði finnst eingöngu í villtum dýrum (Bandaríkjunum, Kanada og V-Evrópu) hafa skipulagðar bólusetningar gæludýra dregið úr tilfellum af hundaeði í þéttbýli.

Í Evrópusambandinu hefur áætlunum um útrýmingu hundaeðis dregið verulega úr fjölda hundaeðistifella á undanförunum aratugum. Frá 2004-2016 kom upp 21 hundaeðistifelli (í dýrum) í kjölfar innflutnings til ESB.

Gott aðgengi að hundaeðisbóluefni hefur auðveldað alþjóðlega flutninga með dýr frá löndum þar sem hundaeði finnst. Bólusetningar skila oftast tilætluðum árangri en til þess að ganga úr skugga um árangur bólusetningar er mótefnamæling nauðsynleg.

Greining: veirugreining, mótefnamæling. Mótefni vegna smits koma fram eftir að klínísk einkenni koma fram og mælast þá töluvert hærrí en mótefni eftir bólusetningu.

Meðhöndlun: Endurtekin bólusetning eftir smit og áður en einkenni koma fram hefur gefið mjög góðan árangur. Þegar einkenni eru komin fram er finnst engin meðhöndlun. Sjúklingurinn fær stuðningsmeðferð en sjúkdómurinn er ávallt banvænn.

1.5.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Mismunandi kröfur eru gerðar til landa með og án hundaeðis.

Lönd án hundaeðis: Ekki þarf að bólusetja/mótefnamæla hunda gegn hundaeði sem fluttir eru frá og hafa verið a.m.k. 6 mánuði í löndum sem flokkast sem lönd án hundaeðis. Þau lönd eru Ástralía, Bretland, Finnland, Færeyjar, Hawaii, Írland, Japan, Noregur (á þó ekki við um Svalbarða), Nýja-Sjáland og Svíþjóð

Lönd með hundaeði:

Bólusetning

Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi 365 dögum fyrir innflutning. Hundurinn skal hafa verið a.m.k. 12 vikna gamall við fyrstu bólusetningu. 120 dagar þurfa að líða frá fyrstu bólusetningu þar til hundurinn má koma til landsins (svo fremi sem niðurstaða mótefnamælingar er fullnægjandi). Sé um gilda endurbólusetningu að ræða (og niðurstaða mótefnamælingar er fullnægjandi) er heimilt að flytja hundinn inn 30 dögum eftir endurbólusetningu.

Mótefnamæling

Mæla skal magn hundaeðismótefnis í blóði í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu og skal það vera a.m.k. 0,5 a.e./ml. Mælingin skal framkvæmd á rannsóknarstofu sem samþykkt er af ESB í þessum tilgangi. Mælist mótefni ekki nægjanleg telst sú bólusetning sem framkvæmd er í kjölfar mælingar, vera fyrsta bólusetning.

Einangrun

Fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland

Útflutningslöndum er skipt í 3 flokka (categories). Í 1. og 2. flokki eru lönd (eða svæði) sem eru skilgreind sem laus við hundaæði (rabies-free) og í 3. flokki eru lönd þar sem hundaæði er ekki til staðar eða er haldið vel í skefjum (rabies absent or well controlled). Ekki má flytja til Nýja-Sjálands hunda sem eru búsettir í öðrum löndum en þeim sem skilgreind eru í 1., 2. eða 3. flokki. Þau dýr skal þá fyrst flytja til lands sem er í 1., 2., eða 3. flokki og dvelja þar í a.m.k. 6 mánuði fyrir innflutning til Nýja-Sjálands. Skilgreining á löndum m.t.t. hundaæðis er í samræmi við OIE Terrestrial Animal Health Code.

Flokkur 1 (AU og Norfolkkeyja): engin sértæk innflutningsskilyrði vegna hundaæðis. En við innflutning skal leggja fram opinbera yfirlýsingu um að engin tilfelli af hundaæði hafi komið upp í útflutningslandinu síðustu 12 mánuði fyrir útflutning.

Flokkur 2: lönd/svæði skilgreind sem laus við hundaæði: engin sértæk innflutningsskilyrði vegna hundaæðis en dýrið skal hafa verið í landinu (eða í öðru landi í flokki 2) frá fæðingu eða í a.m.k. 6 mánuði.

Flokkur 3: lönd þar sem hundaæði er ekki til staðar eða er haldið vel í skefjum: bólusetning 6-12 mánuðum fyrir innflutning (gild endurbólusetning: í mesta lagi 12 mánuðum fyrir innflutning) Mótefnaþæling 3-24 mánuðum fyrir innflutning. Ef gildið er lægra en 0,5 skal endurbólusetja og taka nýja blóðprufu eftir 3-4 vikur

Ástralía:

Útflutningslöndum er skipt í 3 flokka (groups). Í 1. og 2. flokki eru lönd (eða svæði) sem eru skilgreind sem laus við hundaæði (rabies-free) og í 3. flokki eru lönd þar sem hundaæði er ekki til staðar eða er haldið vel í skefjum (rabies absent or well controlled). Ekki má flytja til Ástralíu hunda sem eru búsettir í öðrum löndum en þeim sem skilgreind eru í 1., 2. eða 3. flokki. Þau dýr skal þá fyrst flytja til lands sem er í 1., 2., eða 3. flokki og dvelja þar í a.m.k. 6 mánuði fyrir innflutning til Ástralíu. Skilgreining á löndum m.t.t. hundaæðis er í samræmi við OIE Terrestrial Animal Health Code.

Flokkur 1 (Cocoseyjar, Norfolkkeyja, Nýja Sjáland): engin sértæk innflutningsskilyrði vegna hundaæðis. Hundarnir skulu hafa búið í útflutningslandinu frá fæðingu eða síðan þeir voru fluttir þangað frá Ástralíu eða Nýja-Sjálandi. Leggja skal fram undirritaða yfirlýsingu innflytjanda vegna þessa. Einnig skal við innflutning leggja fram opinbera yfirlýsingu um að engin tilfelli af hundaæði hafi komið upp í útflutningslandinu síðustu 12 mánuði fyrir útflutning.

Flokkur 2: lönd/svæði skilgreind sem laus við hundaæði: engin sértæk innflutningsskilyrði vegna hundaæðis en dýrið skal hafa verið í landinu (eða í öðru landi í flokki 1 eða 2) frá fæðingu eða í a.m.k. 180 daga.

Flokkur 3: lönd þar sem hundaæði er ekki til staðar eða er haldið vel í skefjum: bólusetning og svo mótefnaþæling 3-4 vikum síðar. Heimilt að flytja hundinn til landsins 180 dögum eftir blóðprufu vegna mótefnaþælingar (6-24 mánuðum eftir mótefnaþælingu, eftir 24 mánuði þarf að endurtaka mótefnaþælingu, þ.e. hafi bólusetningum verið haldið við).

ESB

Innflutningi gæludýra innan/til ESB er skipt í fjóra flokka.

1. Gæludýr í fylgd eiganda síns innan ESB
2. Viðskipti með gæludýr á milli aðildarríkja
3. Gæludýr í fylgd eiganda til aðildarríkis ESB frá skilgreindum þriðju ríkjum.
4. Viðskipti með gæludýr frá þriðju ríkjum.

Í öllum tilfellum þarf bólusetningu gegn hundaæði. Flytja má hunda á milli ríkja ESB og frá ríkjum sem eru skilgreind sérstaklega í reglugerð 577/2013 (54 ríki) 21 degi eftir bólusetningu.

Hundar frá öðrum löndum skulu mótefnaeindir. Blóðsýni vegna mótefnaeingar má taka í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu. Innflutningur til ESB heimill í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir blóðsýnatöku vegna mótefnaeingar með fullnægjandi niðurstöðu (jafnt og/yfir 0,5 a.e./ml)

OIE Terrestrial Animal Health Code

Í OIE Terrestrial Animal Health Code eru skilgreindar forsendur fyrir því að lönd geti talist verið laus við hundaeði. Þá eru settar fram ráðleggingar um innflutning dýra annars vegar frá löndum sem eru án hundaeðis og hins vegar frá löndum þar sem hundaeði finnst.

1.5.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Landalistar sem byggja m.a. á skilgreiningum OIE, sjá ítarlegri umfjöllun um landalista í kafla 7.1. Til að byrja með væri æskilegt að taka til skoðunar öll þau lönd hvaðan hundar hafa verið fluttir til Íslands sl. 5 ár og meta þau m.t.t. hundaeðis.

Lönd án hundaeðis:

- Bólusetning við a.m.k. 12 vikna aldur og bólusetningu viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Mótefnaeing í fyrsta lagi 30 dögum eftir síðustu gildu bólusetningu. Mælist mótefni jafnt og eða meiri en 0,5 ae/ml má dýrið koma til landsins þegar niðurstaða mótefnaeingar liggur fyrir. Mælist mótefni lægri en 0,5 a.e./ml skal endurtaka bólusetningu og mótefnaeingu skv. sömu skilyrðum. Með þessu móti er gengið úr skugga um að bólusetning hafi skilað tilætluðum árangri.
- Dýrið skal hafa verið í landinu (eða öðru landi í sama flokki) frá fæðingu eða í a.m.k. 6 mánuði.

Lönd þar sem hundaeði er haldið vel í skefjum:

- Bólusetning við a.m.k. 12 vikna aldur og bólusetningu viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Mótefnaeing í fyrsta lagi 30 dögum eftir síðustu gildu bólusetningu. Mælist mótefni jafnt og eða meiri en 0,5 a.e./ml má hundurinn koma til landsins 90 dögum eftir sýnatöku. Mælist mótefni lægri en 0,5 a.e./ml skal endurtaka bólusetningu og mótefnaeingu skv. sömu skilyrðum.

EKKI MÁ FLYTJA TIL ÍSLANDS HUNDA NÉ KETTI SEM BÚSETTIR ERU Í ÖÐRUM LÖNDUM EN ÞEIM SEM ERU SKILGREIND SKV. OFANGREINDU. ÞAU DÝR SKAL FYRST FLYTJA TIL LANDS SEM TILTEKIÐ ER Á ÖÐRUM HVORUM LISTANUM OG ÞAR SKULU ÞAU DVELJA Í A.M.K. 6 MÁNUÐI FYRIR INNFLUTNING.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.6. Hundainflúensa (Canine influenza)

Hundainflúensa er ekki tekin fyrir í áhættumati PW. Hér er um að ræða sjúkdóm sem var ekki þekktur í hundum þegar íslenska áhættumatið vegna innflutnings hunda og katta var framkvæmt árið 2002. Hann hefur þó mikla þýðingu þegar um er að ræða innflutning hunda til Íslands. Veiran á uppruna að rekja til hestainflúensu. Árið 2004 kom upp óþekktur öndunarfærásjúkdómur hjá hundum í Bandaríkjunum. Hann reyndist vera af völdum hestainflúensuveirunnar (H3N8) sem hefur verið þekkt í hrossum í um 50 ár. Talið er að veiran hafi aðlagast hundum og telst hún nú vera sértæk m.t.t. hunda (dog specific). Í áhættumati sem framkvæmt var í Ástralíu árið 2013 vegna innflutnings hunda og katta kemur fram að þótt allar tegundir séu taldar móttækilegar hafði hundainflúensa ekki greinst í neinum öðrum tegundum á árunum 2004-2011. Frá árinu 2005 hafa verið tekin blóðsýni úr öllum innfluttum hundum í einangrun á Íslandi þar sem talin var hætta á því að hundar bæru með sér smit í hross. Hestainflúensa hefur aldrei

greinst á Íslandi og því eru íslensk hross sérstaklega móttækileg fyrir þeirri veiru. Í einangrun eru teknar parprufur í þeim tilgangi að greina hækkun á mótetnum sem benda til virkrar/nýlegrar sýkingar.

Blóðprufur hafa verið teknar úr öllum innfluttum hundum í einangrun frá árinu 2005 (úr yfir 2000 hundum). Enginn hundur hefur verið greindur með [hækkandi] mótetnum.

1.6.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: *Orthomyxoviridae / canine influenza A H3N8 og H3N2*

Meðgöngutími: 1-5 dagar

Einkenni: Væg einkenni frá öndunarfærum, einstaka hundar fá lungnabólgu. Smitaðir hundar verða útsettari fyrir tækifærissýkingum sem geta valdið alvarlegari einkennum. Smitberar geta verið einkennalausir (low mortality, high morbidity)

Smitleið: Loftsmít er helsta smitleiðin og berst veiran á milli hunda t.d. við hósta. Sýktur hundur getur smitað í 1-2 vikur eftir að hann smitast. Einnig getur verið um óbeint smit að ræða og getur veiran lifað í allt að 48 tíma í umhverfinu.

Útbreiðsla: H3N8 kom upprunalega frá hrossum en kom fram í hundum í Bandaríkjunum árið 2004. Annar stofn, H3N2 greindist upphaflega í S-Kóreu árið 2007 og hefur einnig fundist í Kína, Tælandi, Kanada og í Bandaríkjunum árið 2015. Hundainflúensa virðist ekki hafa borist til Evrópu.

Greining: Mótetnagreining, veirugreining. Mótetnasvörun getur komið seint fram eftir smit og niðurstaða veirugreiningar getur verið fölsk neikvæð.

Meðhöndlun: Stuðningsmeðhöndlun.

1.6.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland

Fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari. Mótetnamæling (parprufur) í einangrun.

Nýja-Sjáland:

Hundurinn má ekki hafa sýnt einkenni um öndunarfærasýkingu á síðustu 3 vikum fyrir flutning til Nýja-Sjálands. Hann má auk þess ekki hafa verið staðsettur þar sem hafa verið hundar eða kettir með klínísk einkenni öndunarfærasýkingar.

Auk þessa þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðvar.

Ástralía:

Hundar sem fluttir eru til Ástralíu frá Bandaríkjunum og Singapore skulu bólusettir gegn hundainflúensu.

The dog must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi hundainflúensu.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi hundafár en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.6.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Bólusetning frá áhættulöndum. Svo virðist vera að bóluefni sé helst aðgengilegt í löndum þar sem sjúkdómurinn hefur komið upp. Síðasta bólusetning a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.7. Parainflúensa (Canine parainfluenza)

Parainflúensa er ekki tekin fyrir í áhættumati PW. Sjúkdómurinn hefur þýðingu í þessu samhengi þar sem einkenni líkjast einkennum hundainflúensu. Parainflúensa er bráðsmitandi og algengasta orsök barkabólgu í hundum og einn orsakavaldur kennelhósta.

1.7.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: *Paramyxoviridae / Canine Parainfluenza Virus*

Meðgöngutími: 1-8 dagar

Einkenni: Veiran leggst á efri öndunarfarir og helstu einkenni eru þurr hósti og útferð úr nefi. Í einhverjum tilfellum slappleiki og lystarleysi. Einkenni vara jafnan í 10-21 dag. Smitaðir hundar verða útsettari fyrir tækifærissýkingum sem geta valdið alvarlegri einkennum.

Smitleið: Bráðsmitandi og berst hratt á milli hunda sem vistaðir eru í sama húsnæði eins og t.d. á hundahótelum. Veiran berst með útferð úr nefi t.d. með hósta.

Útbreiðsla: Parainflúensa finnst um allan heim, einnig á Íslandi.

Greining: Veirugreining, mótefnaþæling. Mótefni greinast í sermi 10 dögum eftir smit en hverfa nokkrum vikum síðar.

Meðhöndlun: Alla jafna þarf ekki meðhöndlun, nema ef um er að ræða ónæmisbælda einstaklinga eða tækifærissýkingar sem valda alvarlegri öndunarfæraeinkennum.

1.7.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Heilbrigðisskoðun: 5-10 dögum fyrir innflutning skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Annars engin sértæk innflutningsskilyrði vegna parainflúensu.

Nýja-Sjáland:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. Your dog must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease and be examined for canine transmissible venereal tumour (CTVT).

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna parainflúensu, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðvar.

Ástralía:

The dog must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna parainflúensu. Þó mælt með því að hundar séu bólusettir gegn parainflúensu og að bólusetningin sé í gildi svo lengi sem hundurinn er í einangrun.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi parainflúensu.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi parainflúensu en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.7.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Parainflúensa í hundum finnst á Íslandi en er haldið niðri með bólusetningum og góðu hjarðónæmi. Er því lagt til að ekki verði farið fram á sérstakar mótvægisaðgerðir vegna parainflúensu. Er það í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS samninginn).

Skilyrði vegna vistunar í einangrunarstöð:

Ef krafist verður einangrunar við innflutning er nauðsynlegt að taka tillit til þess að þar eru margir hundar vistaðir samtímis og þar með eykst smítalag. Lagt er til að gerð verði krafa um bólusetningu gegn parainflúensu vegna vistunar í einangrunarstöð: gild bólusetning samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Síðasta bólusetning a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsóknanna.

1.8. Kattakvef (Feline calicivirus)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að kattakvef berist til landsins með innfluttum köttum. Caliciveira er algeng orsök öndunarferasýkinga í köttum. Sjúkdómurinn er bráðsmitandi og algengur þar sem margir kettir koma saman, t.d. í kattaathvörfum og á heimilum með marga ketti. Kattakvef er einn þeirra sjúkdóma þeirra sem fellur undir hið sk. feline respiratory disease complex (fjölþátta öndunarferasýking) en um er að ræða sjúkdóma sem valda nefslímubólgu, kinnholubólgu, augnslímhúðarbólgu og sáramyndun í munni. Meginsmítefnin eru kattaherpesveira (feline viral rhinotracheitis, FHV-1) og caliciveira en *Chlamydia felis*, *Mycoplasma felis*, *Chlamydia psittaci* og aðrar mycoplasma tegundir koma einnig við sögu.

1.8.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Vesivirus / *Feline calicivirus*

Meðgöngutími: 2-6 dagar

Einkenni: Útferð úr nefi og augum og sáramyndun í munni, á tungu, gómi, vörum eða trýni. Útferð er fyrst glær en getur orðið gulleit og þykk þegar líður á veikindin. Sárum í munni fylgja aukin munnvatnsmyndun og slef. Mikil eymsli geta fylgt sárunum. Önnur ósértæk einkenni eru lystarleysi, slappleiki, hækkaður líkamshiti og stækkaðir eitlar. Algeng er að kettirnir hnenni og píri augun. Veikindin geta varað í 2-3 vikur.

Smitleið: Bráðsmitandi og berst hratt á milli katta sem umgangast. Veiran berst beint eða óbeint með útfærð úr nefi, augum og munn. Með hnerra getur veiran borist marga metra. Veiran getur lifað í umhverfinu í viku og jafnvel lengur við aðstæður þar sem er svalt og rakt. Eftir að veikindin eru gengin yfir geta kettir verið smitberar í nokkra mánuði en nokkur prósent katta verða smitberar alla ævi.

Útbreiðsla: Kattakvef finnst í köttum allan heim, einnig á Íslandi þar sem ætla má að það hafi verið landlægt í áratugi. Bólusetting hefur verið við sjúkdómnum á Íslandi frá því um 1986.

Greining: Veirugreining (strokýni af augnslímhúð, nefi eða munn).

Meðhöndlun: Alla jafna er ekki þörf á meðhöndlun, nema ef um er að ræða ónæmisbælda einstaklinga eða tækifærissýkingar sem valda alvarlegri öndunarfæraeinkennum, sérstaklega hjá kettlingum.

1.8.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja ketti gegn kattakvefi (*Feline calicivirus*). Kettir skulu fullbólusettir gegn kattakvefi. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja ketti til landsins, fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn kattakvefi.

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

For at least 21 days prior to shipment the cat shall not have shown clinical signs of infectious respiratory disease and the cat shall not have been kept in a place where there were cats or dogs showing clinical signs of infectious respiratory disease.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to shipment. The cat must be found free from clinical signs of infectious or contagious diseases.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna caliciveiru, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðva sem alla jafna gera kröfu um bólusetningu gegn caliciveiru.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna caliciveiru. Þó mælt með því að kettir séu bólusettir gegn caliciveiru og að bólusetningin sé í gildi svo lengi sem kötturinn er í einangrun.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi caliciveiru.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi caliciveiru en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að kötturinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.8.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Kattakvef er landlægt á Íslandi en er haldið niðri með bólusetningum og góðu hjarðónæmi. Er því lagt til að ekki verði farið fram á sérstakar mótvægisáðgerðir vegna kattakvefs. Er það í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS samninginn).

Skilyrði vegna vistunar í einangrunarstöð:

Ef krafist verður einangrunar við innflutning er nauðsynlegt að taka tillit til þess að þar eru margir kettir vistaðir samtímis og þar með eykst smítalag. Lagt er til að gerð verði krafa um bólusetningu gegn kattakvefi vegna vistunar í einangrunarstöð: gild bólusetning samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Síðasta bólusetning a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.9. Kattahvítblæði (Feline leukemia virus)

Í áhættugreiningu PW er ekki lagt mat á hverjar líkurnar eru á að kattahvítblæði berist til landsins með innfluttum köttum. Í ljósi þess hve algengur sjúkdómurinn er víða annars staðar, er hann þó tekinn fyrir hér.

Kattahvítblæði er meðal algengustu smitsjúkdóma í köttum og algengi er frá 3-4% skv. nýlegum rannsóknum í Bandaríkjunum og Evrópu. Þó er algengi mismunandi eftir svæðum, t.d. greinast fleiri kettir með kattahvítblæði á Spáni, allt að 15% heilbrigðra katta. Sjúkdómurinn felur í sér blóðleysi og ónæmisbælingu og eykur þar með líkur á krabbameini og leiðir til dauða. Bóluefni gegn FeLV var víða tekið í notkun frá því fyrir um 25 árum síðan og hefur það haft mikil áhrif á tíðni sjúkdómsins. Óljóst er hvort kattahvítblæði hafi komið upp á Íslandi.

1.9.1. Almennt um sýkinguna

Orsök: Gammaretrovirus / *Feline leukemia virus*

Meðgöngutími: Langur tími getur liðið frá því köttur smitast og þar til hann sýnir einkenni, allt frá nokkrum vikum upp í nokkur ár.

Einkenni: Helstu einkenni eru blóðleysi, krabbamein (eítillfrumukrabbamein eða hvítblæði), ónæmisbæling með tilheyrandi tækifærissýkingum, taugakvillar, bólgur í meltingarvegi og í munni. Sjúkdómurinn er oftast banvænn og að meðaltali lifa kettir í 2,4 ár eftir greiningu. Kettlingar veikjast jafnan hraðar en fullorðnir kettir. Sumir fullorðnir kettir virðast mynda aldurstengt þol og komast þannig yfir sýkinguna.

Smitleið: Veiran berst með munnvatni og þvagi og smitast á milli katta sem eru á sama heimili og deila matardöllum, sandkössum o.fl. en ekki síst við slagsmál eða önnur náin samskipti. Smitberar geta verið heilbrigðir í mörg ár.

Útbreiðsla: Kattahvítblæði finnst um allan heim. Veiran greindist í tveimur köttum í lítilli rannsókn á Íslandi árið 2001 en ekki er vitað um fleiri tilfelli á Íslandi.

Greining: Veirugreining (ELISA/IFA) eða PCR úr blóðsýnum eða beinmerg. Á markaði eru sk. snap test fyrir bæði FeLV og FIV sem henta ágætlega þegar skimað er fyrir sjúkdómunum.

Meðhöndlun: Engin lækning finnst við kattahvítblæði. Margir kettir geta lifað ágætu lífi í nokkur ár eftir að þeir smitast. Mikilvægt er að smituðum köttum sé haldið innandyra bæði til þess að minnka líkur á að þeir verði útsettir fyrir öðrum smitsjúkdómum en einnig til að draga úr dreifingu veirunnar. Meðhöndla skal tækifærissýkingar og önnur veikindi sem koma upp. Ónæmismeðferðir hafa reynst vel en eru ekki mjög aðgengilegar enn sem komið er.

1.9.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Í mesta lagi 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsóknar á FeLV. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja köttinn til landsins.

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

For at least 21 days prior to shipment the cat shall not have shown clinical signs of infectious respiratory disease and the cat shall not have been kept in a place where there were cats or dogs showing clinical signs of infectious respiratory disease.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to shipment. The cat must be found free from clinical signs of infectious or contagious diseases.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna FeLV.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna FeLV.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi kattahvítblæði.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi kattahvítblæði en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að kötturinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.9.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Í mesta lagi 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til veirugreiningar m.t.t. FeLV. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja köttinn til landsins.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsóknanna.

1.10. Kattaeyðniveira (Feline immunodeficiency virus)

Í áhættugreiningu PW er ekki lagt mat á hverjar líkurnar eru á að kattaeyðniveiran berist til landsins með innfluttum köttum. Í ljósi þess hve algengur sjúkdómurinn er víða annars staðar, er hann þó tekinn fyrir hér.

Kattaeyðniveiran er þekkt bæði hjá köttum og villtum kattardýrum. Veiran veldur ónæmisbælingu og er landlæg um allan heim. Ógeldir högnar sem ganga úti eru í mestri smithættu. Bóluefni gegn veirunni var sett á markað árið 2002 en það veitir ekki vörn gegn öllum stofnum veirunnar. Þegar köttur hefur smitast losnar hann aldrei við veiruna.

1.10.1. Almennt um sýkinguna

Orsök: Lentivirus / *Feline immunodeficiency virus*

Meðgöngutími: Mjög langur, allt að nokkur ár.

Einkenni: Veiran (líkt og HIV) veldur lækkun á T frumum og bælir þar með ónæmiskerfið og dregur úr viðnámi kattarins við sýkingum og hrömunarsjúkdómum. Helstu einkenni FIV smitaðra katta er hiti og eitlastækkun stuttu eftir smit en svo því getur liði langur tími þar til ber á öðrum einkennum, frá nokkrum mánuðum og allt upp í fimm ár. En þá fara að koma fram einkenni af völdum ónæmisbælingar, þ.e. ýmsar sýkingar en að lokum verða slíkar sýkingar allsráðandi og kötturinn þrífst illa. Algeng einkenni eru hiti, lystarleysi, þyngdartap, tannholdsbólga og krónískar sýkingar í húð, augum, þvagfærum og efri öndunarfærum. Kettirnir eru oft með slæman feld og krónískan niðurgang og í sumum tilfellum koma fram taugakvillar og atferlisbreytingar. Rannsóknir hafa þó bent til þess að FIV smit hafi ekki marktæk áhrif á lífaldur katta.

Smitleið: Helsta smitleið veirunnar er með biti. Pörun er ekki mikilvæg smitleið né heldur smit í móðurkviði. Ekki er mikil hættu á smiti á milli katta sem eru á sama heimili og deila matardöllum og sandkössum ef ekki er um að ræða slagsmál á milli kattanna. Rannsóknir hafa sýnt að FIV smit á heimilum þar sem margir kettir búa, er óalgengt. Ógeldir högnar sem ganga úti eru í mestri hættu á að smitast þar sem þeir eru líklegri til að lenda í slagsmálum.

Útbreiðsla: Kattaeyðniveiran er landlæg um allan heim en greindist fyrst árið 1987 (hefur líklega verið til staðar hjá húsköttum síðan 1966). Algengi er á bilinu 3-5% (rannsóknir í USA og í Kanada) en töluvert hærra á meðal veikra katta (allt að 43,9%).

Greining: Mótefnaeining eða veirugreining úr blóðsýnum. Á markaði eru sk. snap test fyrir bæði FeLV og FIV sem henta ágætlega þegar skimað er fyrir sjúkdómunum.

Meðhöndlun: FIV-jákvæðir kettir eru sjaldan sjúkdómsgreindir fyrr en einkenni af völdum sjúkdómsbælingar koma fram. Meðferð felst í því meðhöndla sýkingarnar sem koma í kjölfar ónæmisbælingarinnar en það getur reynst erfitt. Mikilvægt er að halda köttunum í þannig umhverfi að lítil hættu sé á sýkingum og álag er sem minnst. Best væri að halda þeim inni og láta þá hafa sem minnst samskipti við aðra ketti (og önnur dýr sem geta borið með sér sýkingar).

1.10.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Í mesta lagi 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsóknar á FIV smiti. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja köttinn til landsins.

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjálund:

For at least 21 days prior to shipment the cat shall not have shown clinical signs of infectious respiratory disease and the cat shall not have been kept in a place where there were cats or dogs showing clinical signs of infectious respiratory disease.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to shipment. The cat must be found free from clinical signs of infectious or contagious diseases.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna FIV.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna FIV.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi kattaalnémi.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi kattaalnæmi en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að kötturinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.10.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Í mesta lagi 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til mótefnamælingar m.t.t. FIV. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja köttinn til landsins.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.11. Kattafár (Feline panleukopenia)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að kattafár berist til landsins með innfluttum köttum. Kattafár er lífshættulegur sjúkdómur og veldur jafnan alvarlegustu einkennum hjá kettlingum. Veiran finnst um allan heim en sjúkdómurinn var mun algengari hér áður fyrr þegar bólusetningar voru ekki eins útbreiddar og nú.

1.11.1. Almennt um sýkinguna

Orsök: Parvoviridae / *Feline panleukopenia virus*

Meðgöngutími: 2-7 dagar

Einkenni: Veiran fjölgar sér í beinmerg og eitilvef og veldur þar með skorti á öllum tegundum blóðkorna. Einnig veldur hún skaða á meltingarþekju og hjá mjög ungum dýrum í litla heila og sjónu. Helstu einkenni eru hár hiti, slappleiki, lystarleysi, uppköst og niðurgangur. Kettlingar sem smitast í móðurkviði geta verið með breytingar í litla heila og sýnt einkenni óregluhreyfinga (ataxia).

Smitleið: Veiran skilst út með saur, munnvatni og öðrum líkamsvessum og smitast ýmist beint eða óbeint á milli katta. Smitaðir kettir skilja veiruna út í allt að 6 vikur eftir veikindi. Veiran er harðger og getur lifað allt að ár í umhverfinu. Því er mikilvægt að einangra smitaða ketti.

Útbreiðsla: Kattafár finnst um allan heim, einnig á Íslandi, en er þó mun sjaldgæfara en áður þar sem víðast hvar er bólusett gegn sjúkdómnum.

Greining: Veirugreining í saur.

Meðhöndlun: Stuðningsmeðhöndlun; gefa þarf vökva, næringu og meðhöndla tækifærissýkingar. Þrátt fyrir meðhöndlun er dánartíðni sjúkdómsins há. Batahorfur eru mjög slæmar hjá kettlingum sem smitast yngri en 8 vikna. Lifi kötturinn í 5 daga eftir að einkenni koma fram eru batahorfur góðar. Mikilvægt er að einangra veika ketti til þess að vernda þá gegn tækifærissýkingum.

1.11.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja ketti gegn kattafári (Feline panleukopenia). Kettir skulu fullbólusettir gegn kattafári. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja ketti til landsins, fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn kattafári.

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

For at least 21 days prior to shipment the cat shall not have shown clinical signs of infectious respiratory disease and the cat shall not have been kept in a place where there were cats or dogs showing clinical signs of infectious respiratory disease.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to shipment. The cat must be found free from clinical signs of infectious or contagious diseases.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna kattafárs, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðvar sem alla jafna gera kröfu um bólusetningu gegn kattafári.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna kattafárs. Þó mælt með því að kettir séu bólusettir gegn kattafári og að bólusetningin sé í gildi svo lengi sem kötturinn er í einangrun.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi kattafár.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi kattafár en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að kötturinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.11.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Kattafár er landlægt á Íslandi en er haldið niðri með bólusetningum og góðu hjarðónæmi. Er því lagt til að ekki verði farið fram á sérstakar mótvægisaðgerðir vegna kattafárs. Er það í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS samninginn).

Skilyrði vegna vistunar í einangrunarstöð:

Ef krafist verður einangrunar við innflutning er nauðsynlegt að taka tillit til þess að þar eru margir kettir vistaðir samtímis og þar með eykst smitálag. Lagt er til að gerð verði krafa um bólusetningu gegn kattafári vegna vistunar í einangrunarstöð: gild bólusetning samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Síðasta bólusetning a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.12. Kattaflensa (Feline rhinotracheitis)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að kattaflensa berist til landsins með innfluttum köttum. Kattaflensa er ein algengasta orsök öndunarfarasýkinga í köttum og er einn þeirra sjúkdóma þeirra sem fellur undir hið sk. feline respiratory disease complex.

1.12.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Herpesviridae / *Felid alphaherpesvirus 1*

Meðgöngutími: 2-5 dagar

Einkenni: Helstu einkenni eru frá efri öndunarfærum og augum; útfærð úr nefi og augum (conjunctivitis/keratitis), hnerri, lystarleysi, hiti og slappleiki. Veikindin standa að jafnaði yfir í 4-7 daga en tækifærissýkingar geta viðhaldið einkennum í nokkrar vikur.

Smitleið: Veiran er skilin út í munnvatni og nef- og augnauðferð og berst beint á milli katta eða óbeint með menguðum ílátum, teppum o.þ.h. en veiran er óstöðug og lifir eingöngu í 1-2 daga í umhverfinu. Kettir geta smitað í 3 vikur eftir smit. Eftir smit er veiran til staðar í taugahnoðu þrenndartaugar og kettirnir verða heilbrigðir smitberar. Við ónæmisbælingu (veikindi eða notkun barkstera) hefst smitdreifing á ný og kötturinn getur fengið væg einkenni sjúkdómsins.

Útbreiðsla: Kattaflensa finnst um heim allan, einnig á Íslandi en bólusetting hefur verið við sjúkdómnum á Íslandi frá því árið 1986.

Greining: Veirugreining (strokesýni af augnslímhúð, nefi eða munn).

Meðhöndlun: Alla jafna er ekki þörf á meðhöndlun, nema ef um er að ræða ónæmisbælda einstaklinga eða tækifærissýkingar sem valda alvarlegri öndunarfæraeinkennum, sérstaklega hjá kettlingum. Þá felst meðhöndlun í stuðningsmeðferð.

1.12.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja ketti gegn kattaflensu (Feline rhinotracheitis). Kettir skulu fullbólusettir gegn kattaflensu. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja ketti til landsins, fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn kattaflensu.

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

For at least 21 days prior to shipment the cat shall not have shown clinical signs of infectious respiratory disease and the cat shall not have been kept in a place where there were cats or dogs showing clinical signs of infectious respiratory disease.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to shipment. The cat must be found free from clinical signs of infectious or contagious diseases.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna kattaflensu, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðva sem alla jafna gera kröfu um bólusetningu gegn kattaflensu.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna kattaflensu. Þó mælt með því að kettir séu bólusettir gegn kattaflensu og að bólusetningin sé í gildi svo lengi sem kötturinn er í einangrun.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur varðandi caliciveiru.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur varðandi kattaflensu en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að kötturinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.12.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Kattaflensa er landlæg á Íslandi en er haldið niðri með bólusetningum og góðu hjarðónæmi. Er því lagt til að ekki verði farið fram á sérstakar mótvægisáðgerðir vegna kattaflensu. Er það í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS samninginn).

Skilyrði vegna vistunar í einangrunarstöð:

Ef krafist verður einangrunar við innflutning er nauðsynlegt að taka tillit til þess að þar eru margir kettir vistaðir samtímis og þar með eykst smitálag. Lagt er til að gerð verði krafa um bólusetningu gegn kattaflensu vegna vistunar í einangrunarstöð: gild bólusetning samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Síðasta bólusetning a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.13. Smitandi lífhimnubólga í köttum (*Feline infectious peritonitis*)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að smitandi lífhimnubólga berist til landsins með innfluttum köttum. Sjúkdómurinn er ónæmistengdur en megin orsakavaldur er kórónaveira kattarins. Smitandi lífhimnubólga er óalgeng en finnst um allan heim, þar á meðal á Íslandi (greindist fyrst hérlendis í júní 1998)

1.13.1. Almennt um sýkinguna

Orsök: Coronaviridae / *Feline coronavirus*

Meðgöngutími: Frá nokkrum vikum upp í mánuði eða ár.

Einkenni: Í flestum tilfellum veldur smit með kórónaveiru (Fcov) engum eða vægum einkennum (frá meltingar- og/eða öndunarfærum) og kötturinn myndar mótefni og losar sig við veiruna. Hjá litlum hluta katta sem smitast stökkbreytist veiran (FipV) og/eða ónæmissvörunin verður óeðlileg. Í þessu samhengi hefur heilsufar og aðbúnaður/stress áhrif. Veiran berst um líkamann með hvítum blóðkornum og veldur mikilli bólgusvörun m.a. í kvið, nýrum og í heilavef. Þessi óeðlilega ónæmissvörun er skýringin á sjúkdómseinkennum. Þegar kötturinn hefur þróað með sér sjúkdóminn og áhrifa gætir meðal eins eða fleiri líffærakerfa verður framvindan hröð og nánast alltaf banvæn. Sjúkdómsmyndirnar eru tvær; annars vegar vökvasöfnun í holrúmum líkamans (effusive/wet FIP) og hins vegar bólguhnútar í líffærum (noneffusive/dry FIP). Fyrri sjúkdómsmyndin er mun bráðari en sú seinni og einkennin greinilegri. Kettlingar eða eldri kettir auk þeirra sem eru ónæmisbældir m.a. af völdum FeLV eru í mestri hættu á að fá FIP eftir smit með Fcov.

Smitleið: Veiran smitast á milli katta beint eða óbeint og er algengari þar sem margir kettir eru saman í heimili, einnig á kattahótelum og athvörfum. Algengasta smitleiðin er frá móður til kettlinga. Veiran skilst út í mestu magni í upphafi sýkingar en sumir kettir verða heilbrigðir smitberar. Veiran getur auk þess lifað í umhverfinu í nokkrar vikur.

Útbreiðsla: Kórónaveirur eru mjög útbreiddar. Sjúkdómurinn finnst um allan heim.

Greining: Örugg greining fæst með skoðun vefjasýna (granuloma).

Meðhöndlun: Stuðningsmeðferð getur bætt líðan og lengt líf katta með smitandi lífhimnubólgu en sjúkdómurinn er í flestum tilfellum banvæn. Bóluefni gegn FIP er á markaði erlendis en er ekki í mikilli

notkun þar sem það gagnast eingöngu þeim köttum sem hafa aldrei smitast af kórónaveiru. Því þyrfti að gera mótefnaþjálfun fyrir bólusetningu. Rannsóknir standa yfir á veirulyfjum til meðhöndlunar á FIP.

1.13.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

5-10 dögum fyrir innflutning skal kötturinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna smitandi lífhimnubólgu.

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

For at least 21 days prior to shipment the cat shall not have shown clinical signs of infectious respiratory disease and the cat shall not have been kept in a place where there were cats or dogs showing clinical signs of infectious respiratory disease.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to shipment. The cat must be found free from clinical signs of infectious or contagious diseases.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna smitandi lífhimnubólgu. Einangrunarstöðvar í Nýja-Sjálandi gera alla jafna ekki kröfu um bólusetningu gegn smitandi lífhimnubólgu.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna smitandi lífhimnubólgu. Einangrunarstöðvar í Ástralíu gera alla jafna ekki kröfu um bólusetningu gegn smitandi lífhimnubólgu.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur vegna smitandi lífhimnubólgu.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur vegna smitandi lífhimnubólgu en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að kötturinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.13.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Kórónaveira kattarins er landlæg á Íslandi og gera má ráð fyrir að FIP sé álíka algengt hér og í nágrannalöndum. Ekki er lagt til að farið verði fram á sérstakar mótvægisáðgerðir vegna smitandi lífhimnubólgu. Er það ekki síst vegna eðli sjúkdómsins og erfiðleika við greiningu.

Skilyrði vegna vistunar í einangrunarstöð:

Almennt er ekki farið fram á bólusetningu gegn kórónaveiru vegna vistunar á kattahótelum og er ekki lagt til að þess verði krafist vegna vistunar í einangrunarstöð. Bóluefni gegn kórónaveiru er auk þess ekki almennt á markaði. Það gagnast aukin heldur einungis köttum sem vörn gegn FIP sem hafa ekki nú þegar mótefni gegn kórónaveiru.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

1.14. Kattabóla (Cat pox)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miðlungs líkur á að kattabóla berist til landsins. Ein poxveira er þekkt sem smitar ketti en hún er ekki greinanleg frá kúabóluveirunni. Um er að ræða smit sem berst frá nagdýrum í ketti og gengur í flestum tilfellum yfir af sjálfu sér.

1.14.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Poxviridae / *Feline pox virus*

Meðgöngutími: 2-3 dagar.

Einkenni: Í kjölfar smits koma fram einkenni á einum líkamshluta svo sem höfði, hálsi eða framfæti og lýsa sér eins og lítið sár með hrúðri eða allt upp í stórt graftarkýli. Drep getur myndast í kjölfar húðbreytinga. 7-10 dögum síðar koma fram mörg sár (hringlótt 0,5-1 cm) sem fá á sig hrúður og gróa innan 6 vikna. Sumir kettir fá einnig önnur einkenni eins og slappleika, hita og lystarleysi. Í einstaka tilfellum þróa kettirnir með sér mjög alvarlegt form sjúkdómsins sem hefur áhrif á lifur, lungu, barka, slímhúð í munni og meltingarvegi. Þetta form sjúkdómsins kemur helst fyrir hjá köttum með bælt ónæmiskerfi eins og þeirra sem eru smitaðir af FeLV eða FIV.

Smitleið: Kettirnir smitast við nagdýraveiðar en uppspretta veirunnar eru lítil nagdýr sem halda sig í skóglendi, þar af eru stúfmýs (voles) og hagamýs algengustu smitberarnir. Kettir sem ganga úti og veiða nagdýr eru því í mestri hættu á að smitast af kattabólu. Þekkt eru dæmi um smit á milli katta og á milli katta og manna.

Útbreiðsla: Greint hefur verið frá kattabólu af og til í Bretlandi og Vestur Evrópu en ekki í Bandaríkjunum. Ekki er vitað til þess að kattabóla hafi greinst á Íslandi.

Greining: Mótefnaþæling (mótefni koma fram 7-14 dögum eftir smit), veirugreining / PCR (gold standard), eða vefjagreining húðsýnis. Mikilvægt er að greining sjúkdóminn þar sem ekki má meðhöndla smitaða ketti með sterum, en sterameðhöndlun er algeng vegna annarra húðsjúkdóma sem geta valdið svipuðum einkennum.

Meðhöndlun: Í flestum tilfellum ganga einkennin yfir af sjálfu sér en grípa getur þurft til stuðningsmeðferðar ef einkenni eru slæm. Bóluefni gegn kattabólu finnst ekki á markaði.

1.14.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

5-10 dögum fyrir innflutning skal kötturinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna kattabólu.

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to shipment. The cat must be found free from clinical signs of infectious or contagious diseases.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna kattabólu.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna kattabólu.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi : Engar sértækar kröfur vegna kattabólu.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sértækar kröfur vegna kattabólu en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að kötturinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

1.14.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

5-10 dögum fyrir innflutning skal kötturinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

2. Bakteríur

2.1. Leptospírusýking (Canine leptospirosis)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miðlungs eða miklar líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum. Greining á áhættu af innflutningi hvað varðar ketti hefur ekki verið gerð.

2.1.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Bakterían *Leptospira*, sem til eru 21 stofn af og 250 undirstofnar.

Móttækilegar dýrategundir: Svo til öll spendýr geta sýkst af *Leptospira*, þ.m.t. fólk. Sýkingin er þó mjög sjaldgæf í köttum.

Meðgöngutími: 7-12 dagar.

Einkenni: Sýking getur verið allt frá því að vera einkennalaus eða væg, uppí það að valda alvarlegum skemmdum á líffærum og dauða. Algeng einkenni eru slappleiki, lystarleysi, uppköst, vökvapurð og eymsli í baki vegna bólgu í nýrum.

Smitleið: Bakterían getur leynst í líkamanum og frískir smitberar geta skilið bakteríuna út með þvagi og útferð frá æxlunarfærum í marga mánuði eða ár.

Útbreiðsla: Algeng víða um heim en hefur hvorki greinst í hundum né köttum á Íslandi.

Greining: Próf til að greina bakteríuna í blóði, þvagi og vefjum. Próf til að greina mótefni.

Meðhöndlun: Sýklalyf og stuðningsmeðferð.

Nánari upplýsingar:

- Merck Veterinary Manual. <https://www.merckvetmanual.com/generalized-conditions/leptospirosis/overview-of-leptospirosis?query=leptospirosis>

2.1.2. Núgildandi innflutningsskilyrði fyrir hunda

Ísland:

Hundurinn skal vera fullbólusettur gegn leptospírusýkingu. Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi 180 dögum fyrir innflutning en þó eigi síðar en 30 dögum fyrir innflutning.

Heilbrigðissskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning. Hundurinn skal skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Einangrun: Fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Annars engin sértæk innflutningsskilyrði vegna *Leptospira*.

Nýja-Sjáland:

- (1) The dog has been treated with an approved course of treatment in the 30 days prior to the date of shipment; or
- (2) The dog has been subjected to a microscopic agglutination test (MAT) for *Leptospira canicola* with a negative result in the 30 days prior to the date of shipment; or
- (3) The dog had a positive MAT of 1:400 or less for *Leptospira canicola* in the 30 days prior to the date of shipment and has been subjected to a second MAT for *Leptospira canicola* at least 14 days after the first test and showed no increase above the titre of the first test.

Ástralía:

- Alternative 1 - vaccination: Dogs may be vaccinated against *Leptospira interrogans* serovar *Canicola* as an alternative to the testing. If you choose to do this, dogs must be fully vaccinated against *Leptospira interrogans* serovar *Canicola*, according to manufacturer's recommendations (usually an initial course of two vaccines 2-4 weeks apart followed by yearly boosters), at least 14 days before export. The vaccination must be valid at the time of export.
- Alternative 2 - testing: A government approved veterinarian must scan and verify the animal's microchip and collect a blood sample to be tested for *Leishmania infantum* using either an indirect fluorescent antibody test (IFAT) or an enzyme linked immunosorbent assay (ELISA) within 45 days before the date of export. The test must produce a negative result.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Leptospira*.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Leptospira* en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

2.1.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum fyrir hunda

Hundurinn skal vera fullbólusettur og bólusetningu viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 dögum fyrir innflutning.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðissskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi hund með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

2.1.1. Núgildandi innflutningsskilyrði fyrir ketti

Ísland:

Heilbrigðisskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning. Kötturinn skal skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Einangrun: Fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Annars engin sértæk innflutningsskilyrði vegna *Leptospira*.

Nýja-Sjáland:

Final veterinary examination:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. The cat must be free of evidence of external parasites and clinical signs of infectious and contagious disease.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Leptospira*.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Leptospira* en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

2.1.2. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum fyrir ketti

Ekki þörf á skilyrðum.

2.2. Brúsellusýking (Canine brucellosis)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum. Greining á áhættu af innflutningi hvað varðar ketti hefur ekki verið gerð.

2.2.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Bakterían *Brucella canis*.

Móttækilegar dýrategundir: Hundar eru helstu smitberar *Brucella canis*. Kettir virðast ekki vera mjög móttækilegir fyrir brúsellu en þó hefur verið tilkynnt um tilfelli af greiningum á mótefnum gegn *Brucella canis* í köttum í Suður-Ameríku. Fólk getur sýkst af *B. canis* en sýkingar eru sjaldgæfar.

Meðgöngutími: Breytilegur frá tveimur vikum til margra mánaða.

Einkenni: Fósturlát á þriðja hluta meðgöngu, sýking í æxlunarfærum karldýra og ófrjósemi. Mjög erfitt að meðhöndla.

Smitleið: Bakterían smitast auðveldlega milli hunda sem eru saman í lokuðu rými. Smitið berst um munn og við þörun.

Útbreiðsla: Bakterían er algeng víða um heim en hefur ekki greinst hér á landi.

Greining: Bakteríuræktun og mótefnaþæningar. Mótefnasvörun oftast komin fram innan 8-12 vikna frá sýkingu.

Meðhöndlun: Vegna smithættu fyrir aðra hunda og fólk er almennt mælt með aflífum á sýktum hundum eða einangrun þar til líkaminn hefur unnið á sýkingunni, sem tekur að meðaltali 2-3 ár. Sýklalyfjameðhöndlun tryggir ekki upprætingu smitefnisins.

Nánari upplýsingar:

- Merck Veterinary Manual. <https://www.merckvetmanual.com/reproductive-system/brucellosis-in-dogs/overview-of-brucellosis-in-dogs?query=brucellosis>

2.2.2. Núgildandi innflutningsskilyrði fyrir hunda

Ísland:

Í mesta lagi 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsóknar á *Brucella canis*. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja hundinn til landsins.

Heilbrigðissskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning. Hundurinn skal skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Einangrun: Fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Annars engin sértæk innflutningsskilyrði vegna *Brucella*.

Nýja-Sjáland:

- (1) The dog has been subjected to a rapid slide agglutination test (RSAT) with a negative result in the 16 days prior to the date of shipment; or
- (2) The dog has been subjected to a tube agglutination test (TAT) with a negative result in the 16 days prior to the date of shipment; or
- (3) The dog has been subjected to a cytoplasmic agar gel immunodiffusion test (CPAg-AGID) with a negative result in the 16 days prior to the date of shipment; or
- (4) The dog had a positive or inconclusive RSAT or TAT result and has been subjected to a cytoplasmic agar gel immunodiffusion test (CPAg-AGID) for *Brucella canis* with a negative result in the 16 days prior to the date of shipment; or
- (5) The dog had a suspicious TAT result and the test was repeated at least 30 to 42 days after the first test with a negative result in the 16 days prior to the date of shipment; and
- (6) For entire dogs only, an owner declaration that the dog has not been mated in the 44 days prior to the date of shipment unless to a dog of equal *Brucella canis* health status. Any artificial insemination must be done with semen that meets the relevant New Zealand import health standard for semen. Note: Dogs diagnosed with *Brucella canis* are not eligible for import, regardless of treatment.

Ástralía:

If the dog is desexed it doesn't need testing for Brucellosis (evidence of desexing may be requested by the competent authority in the exporting country or the department). OR

If the dog is not desexed, a government approved veterinarian must scan and verify the animal's microchip and collect a blood sample to be tested for *Brucella canis* using a rapid slide agglutination test (RSAT), a tube agglutination test (TAT) or an indirect fluorescent antibody test (IFAT) within 45 days before the date of export. The test must produce a negative result. If the result is positive or inconclusive contact the department for further advice. The dog must not be mated or artificially inseminated from 14 days before blood sampling until export.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Brucella*.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Brucella* en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

2.2.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum fyrir hunda

Innan 30 daga fyrir innflutning skal taka blóðsýni og það rannsakað m.t.t. *Brucella canis* með RSAT (rapid slide agglutination test), TAT (tube agglutination test) eða IFAT (indirect fluorescent antibody test). Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja hundinn til landsins.

Hundinum skal fylgja yfirlýsing eiganda um að hundurinn hafi ekki parast síðustu 2 mánuði.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi hund með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

2.2.1. Núgildandi innflutningsskilyrði fyrir ketti

Ísland:

Heilbrigðisskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning. Kötturinn skal skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Einangrun: Fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Annars engin sértæk innflutningsskilyrði vegna *Brucella*.

Nýja-Sjáland:

Final veterinary examination:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. The cat must be free of evidence of external parasites and clinical signs of infectious and contagious disease.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Brucella*.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Brucella* en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

2.2.2. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum fyrir ketti

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi kött með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

2.3. Kampýlóbactersýking (Campylobacteriosis)

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miðlungs líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum. Greining á áhættu af innflutningi hvað varðar ketti hefur ekki verið gerð.

2.3.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Bakterían *Campylobacter* spp. Undirgerðirnar *C. jejuni jejuni*, *C. coli*, *C. jejuni*, *C. upsaliensis* og *C. helveticus* hafa allar verið greindar í tengslum við þarmasýkingar í gæludýrum.

Móttækilegar dýrategundir: Margar dýrategundir, þ.á.m. hundar og kettir, geta sýkst af *Campylobacter*, sem og fólk.

Meðgöngutími: 1-7 dagar.

2.9.4. Núgildandi innflutningsskilyrði fyrir ketti

Ísland:

Heilbrigðissskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning. Kötturinn skal skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Einangrun: Fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari og dýralæknir framkvæmir heilbrigðissskoðun.

Annars engin sértæk innflutningsskilyrði vegna *Chlamydia* og *Mycoplasma*.

Nýja-Sjáland:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. The cat must be free of evidence of external parasites and clinical signs of infectious and contagious disease.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna *Chlamydia* og *Mycoplasma*, þó þarf að taka tillit til skilyrða einangrunarstöðvar.

Ástralía:

The cat must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Engin sértæk innflutningsskilyrði vegna *Chlamydia* og *Mycoplasma*.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Chlamydia* og *Mycoplasma*.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Chlamydia* og *Mycoplasma* en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

2.9.5. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum fyrir ketti

Líklegt er að *Chlamydia* og *Mycoplasma* finnist í köttum á Íslandi. Er því lagt til að ekki verði farið fram á sérstakar mótvægisáðgerðir vegna *Chlamydia* og *Mycoplasma*. Er það í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS samninginn).

Skilyrði vegna vistunar í einangrunarstöð:

Æskilegt er að taka tillit til þess að í einangrunarstöð eru margir kettir vistaðir samtímis og þar með eykst smitálag. Þó er ekki lagt til að gerð verði krafa um bólusetningu gegn *Chlamydia* og *Mycoplasma* þar

sem algengustu kattabóluefni, blönduð bóluefni sem veita vörn gegn algengustu smitsjúkdómum í köttum, innihalda alla jafna ekki mótefnavaka vegna *Chlamydia* og *Mycoplasma* og teldist slík krafa því íþyngjandi.

3. Innvortis sníkjudýr

Hundar og kettir geta borið fjölbreytta flóru af innvortis sníkjudýrum, bæði einfrumungum, ýmsum tegundum af ornum, ögðum ofl. Sníkjudýr eru oft hýsilsértæk, en sum hver geta smitað á milli tegunda og yfir í fólk. Sníkjudýraflóra í hundum og köttum á Íslandi er afar takmörkuð í samanburði við flest önnur lönd og því til mikils að vinna að koma í veg fyrir smit nýrra sníkjudýra.

Sníkjudýr í blóði eru af mörgum gerðum og hafa það yfirleitt sameiginlegt að berast í dýr (og menn) með blóðsjúgandi skordýrum. Vörn og meðhöndlun gegn blóðsjúgandi skordýrum er því oftast lykilatriði til að verjast smiti. Sum hver geta valdið alvarlegum sjúkdómseinkennum. Sumar af þessum sýkingum er erfitt eða illmögulegt að meðhöndla. Greiningar eru oft sértækar og miða við mótefnamælingar í sermi eða sýna fram á sníkjudýrið með PCR í blóðsýni.

Ormar (helminths) eru almennt með þrjú stig í lífshringrásinni; egg, lirfur og fullorðnir ormar. Lirfurnar geta bæði lifað í umhverfi eða verið í millihýslum. Meirihluti innvortis sníkjudýra eru fyrst og fremst í meltingarvegi dýranna, en geta einnig verið í öðrum innri líffærum, svo sem öndunarvegi og hjarta- og æðakerfi. Í smituðum dýrum getur borið á ýmsum misalvarlegum sjúkdómseinkennum en sum prokastig sníkjudýra hjá hundum og köttum geta líka valdið smiti og veikindum í fólk (súnur) og þá oft með fólk sem millihýsla.

Greining á innvortis ornum er alla jafna gerð með rannsóknum af ólíku tagi á saursýnum. Greining er þó ekki alltaf áreiðanleg og örugg þrátt fyrir skoðun á saursýnum. Bæði getur smit verið það nýlegt að egg eru ekki farin að skiljast út í saur og einnig getur magn útskilnaðar verið flöktandi. Einnig eru til ormar sem koma sér fyrir í þvagblöðru (*Capillaria plica* og *feliscati*) og þarf þá þvagsýni til að greina, eða í auga (*Thelazia spp*), en það greinist þá helst við klíníska skoðun.

Meðhöndlun er yfirleitt fyrst og fremst virk gegn fullorðnum sníkjudýrum en ekki þeim stigum sem eru á flakkandi lirfustigum eða inn í blöðrum. Hringrásin er þó yfirleitt stutt þannig að endurtekin meðhöndlun með 14 daga millibili er almennt ráðlögð til að minnka áhættu á nýsmiti með eggjum og flakkandi lirfum. Meðhöndlun getur bæði verið í formi stungulyfja, blettunarlausna eða lyfja til inntöku (töflur eða lausn). Flest lyf eru aðallega virk á einn flokk sníkjudýra, eins og t.d. praziquantel virkar fyrst og fremst á flatorma (cestodes og trematodes) en ekki þráðorma (nematodes). Kröfur um meðhöndlun gegn innvortis sníkjudýrum fyrir innflutning ættu að ná bæði til flatorma og þráðorma. Sjaldan ber ein meðhöndlun 100% árangur og ónæmi gegn sníkjudýralyfjum er vaxandi. Sum sníkjudýrasmit er erfitt eða illa gerlegt að ná að losa dýrin við, og einungis hægt að reyna að halda niðri einkennum.

Í kaflanum er farið yfir helstu atriði er varða sníkjudýrasmit sem í skýrslu PW er talið meðal miklar eða miklar líkur á að smit berist til landsins með hundum. Ekki er til sambærilegt áhættumat hvað varðar ketti, en hér undir er farið yfir sníkjudýr katta á sambærilegan hátt og sníkjudýr hunda

3.1. Babesíusýking (Babesiosis)

Babesiosis var áður kallað piroplasmosis. Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum. Tilsvarandi áhættugreining hefur ekki verið gerð fyrir ketti.

3.1.1. Almennt um sýkinguna

Orsök: Sníkjudýr af tegundinni *genus Babesia*. *Babesia* er sníkjudýr (protozoa) sem sest að í rauðum blóðkornum. Berst aðallega með sníkjudýrum eins og mítlum og getur smitað margar dýrategundir en mestmegnis eru hýsilsérhæfðar undirtegundir. Undirtegund frá annarri tegund hýsils getur þó borist í dýr sem eru með bælt ónæmiskerfi. Fleiri undirtegundir til en *Babesia* spp er grófflokkað í stóra (*B canis*, *B vogeli* og *B rossi*) litla (*B gibsoni*, *B conradae*, *B microti*-like (*Theileria annae*) *Babesia*. *Babesia* finnst í hundum og köttum í öllum heimsálfum, en er sjaldgæfari og minna rannsakað í köttum en hundum. *Babesia* í hundum er líklegra til að valda alvarlegum sjúkdómseinkennum og tíðni greindra tilfella hefur vaxið mikið undanfarin 20 ár. Í hundum eru helst *B canis*, *B vogeli* og *B rossi* en einnig *B gibsoni*. Vektor sem ber *Babesia* í ketti er mestmegnis óþekkt. *B canis* hefur einstaka sinnum greinst í köttum en þá sérstaklega í köttum sem eru FIV jákvæðir (Feline Immunodeficiency Virus) og því ónæmisbældir. Annars er það helst *B felis* sem greinist í köttum og veldur jafnan vægum einkennum.

Móttækilegar dýrategundir: Smit getur valdið alvarlegum sjúkdómum í hundum, köttum og refum. Einnig í hestum, svínum og jörturdýrum. Sumar undirtegundir eru súnur.

Meðgöngutími: Meðgöngutími getur verið frá 10-28 dagar.

Einkenni: Sjúkdómseinkenni geta verið afar bráð (peracute), bráð (acute) eða krónísk sem geta komið hægt og verið væg og dýrin því verið ógreind í lengri tíma. Einkenni geta verið breytileg eftir tegund. Helstu einkenni eru slappleiki, hiti, gula og blóð í þvagi og tengist niðurbroti á rauðum blóðkornum. Dýr geta farið í lost og verið með merki um blóðleysi (anaemia) eða með bláma í slímhimnum og hraðan hjartslátt. Lost og niðurbrot á rauðum blóðkornum getur valdið líffæraskaða og dauða. Dánartíðni er breytileg eftir tegundum en getur verið frá 1-12% af smituðum dýrum.

Smitleið: Berst með sníkjudýrum eins og mítlum og getur smitað margar dýrategundir og þ.m.t. fólk. Talið er að beint smit milli hunda sé mögulegt. Hvolpafullar tíkur geta smitað afkvæmi sín.

Útbreiðsla: Babesúsýking er ein af algengustu smitsjúkdómum víða um heim. Útbreiðsla fer aðeins eftir tegundum en útbreiðsla og helstu smitferjur *Babesia* spp sem smitar hunda er sett í töfluform undir. Þó mítlar séu helsta smitleið Babesúsýkingar þá hefur verið sýnt fram á að *B gibsoni* getur smitast milli hunda við bit og fleiri tegundir geta smitast frá móður til fósturs. Varðandi Babesúsýkingu í köttum þá er *B felis* er algengust í Suður Afríku. *Babesia* hefur ekki greinst á Íslandi

Landfræðileg dreifing mismunandi *Babesia* spp og tegund mítla sem er þekkt fyrir að bera *Babesia* í hunda:

Flokkun <i>Babesia</i> e stærð	<i>Babesia</i> spp	Helsta smitferja (mítill)	Landfræðileg útbreiðsla
Lítill <i>Babesia</i> (e small <i>Babesia</i>)	<i>B microti</i> -like (<i>Theileria annae</i>)	<i>Ixodes hexagonus</i> <i>Ixodes canisuga</i>	Víða í Evrópu, m.a. Króatíu, Frakklandi, Ítalíu, Portúgal, Serbíu, Spán og Svíþjóð.
	<i>Babesia gibsoni</i>	<i>Haemaphysalis longicornis</i> , <i>H. bispinosa</i> , <i>Rhipicephalus sanguineus</i>	Um allan heim, m.a. Bretland, Miðausturlönd, Suður-Asía, Japan, Norður-Afríka, USA, Ítalía, Ástralía, Suður-Evrópa, Brasilía
	<i>Babesia conrade</i>	Óþekkt, mögulega <i>Rhipicephalus sanguineus</i>	Norður Karolínu og Kaliforníu í USA
Stór <i>Babesia</i> (e large <i>Babesia</i>)	<i>Babesia canis</i>	<i>Dermacentor reticulatus</i>	Útbreiddur í Evrópu og einstaka stað í Asíu
	<i>Babesia vogeli</i>	<i>Rhipicephalus sanguineus</i>	Evrópu, Ástralíu, Japan, Brasilíu, Afríku, Norður Ameríka og Suður Ameríka
	<i>Babesia rossi</i>	<i>Haemaphysalis elliptica</i> <i>H leachii</i>	Aðallega í Suður-Afríku (mest sjúkdómssvaldandi)

Greining: Hægt er að greina smit við smásjárskoðun á blóðstroki, mótefnaþælingum (IFAT eða ELISA) og PCR. Mótefni mælast þó oft ekki fyrr en 14 dögum eftir smit og eru óáreiðanleg í köttum. Krossgreining getur verið milli babesíu og annarra blóðsníkjudýra. PCR er bæði næm og undirtegundasérhæft greiningaraðferð og getur greint sníkjudýrið í blóði allt að 2 dögum eftir smit. Lítið smitmagn í einkennalitlum hundum getur þó gert nauðsynlegt að taka fleiri en eitt blóðsýni til að greina smit. Frekar fáar tilraunastofur sem greina með PCR.

Meðhöndlun: Fá lyf sem eru talin án hliðaráhrifa, örugg og virk til að losna við sníkjudýrið. En meðferð og árangur hennar fer þó aðeins eftir tegund *Babesia* spp. Stór *Babesia* er næmari fyrir meðhöndlun og er m.a. hægt að reyna að meðhöndla með Imidocarb dipropionate (1-2 meðhöndlanir í skömmtum 6,6mg/kg im eða sc. Fyrir lítil *Babesia* eru hundar ólíklegir til að losna við smit þrátt fyrir meðhöndlun. Meðhöndlun með atovaguone og azithromycin hefur verið reynt til að halda magni af smitefni niðri.

3.1.2. Núverandi mótvægisáðgerðir

(gildir fyrir hunda og ketti nema annað sé tekið fram)

Ísland:

Heilbrigðisskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning og skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Farið fram á ytri sníkjudýrameðhöndlun 5-10 dögum fyrir komu en ekki tekið fram hvort meðferðin þurfi að ná til flóa, lúsa eða mítla eða annarra ytri sníkjudýra.

Einangrun í 28 daga. Skimun í saur í einangrun. Meðhöndlun í einangrun m.t.t. ytri og innri sníkjudýra er gerð 2 sinnum í einangrun. Fyrir utan meðhöndlun gegn sullaveikifári eru tegundir sem meðhöndlunin á að ná til ekki skilgreindar.

Engin sértæk meðhöndlun gegn babesíusýkingu.

Nýja-Sjáland:

The cat or dog should be treated by a veterinarian twice with a topical product registered for the control of **ticks and fleas** at the manufacturer's recommended dose and certified as free from external parasites at each treatment. The first treatment should be given in the 30 days prior to flying and at least two weeks before the second treatment. The second treatment should be given in the two days prior to flying to New Zealand.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. The animal must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease.

Babesia canis (dogs that have ever resided in or travelled to South Africa)

- (1) The dog has been inspected and found to be healthy and free of ticks prior to each of the two treatments required for external parasites.
- (2) The dog has been given an approved treatment for *Babesia canis* in the 16 days prior to the date of shipment; or
- (3) The dog has been subjected to an IFA or ELISA test for *Babesia canis* in the 16 days prior to the date of shipment with a negative result; or
- (4) The dog has been subjected to PCR tests for *Babesia* spp. or *Babesia canis* with negative results on samples collected 30-37days apart, with the second sample collected in the 16 days prior to the date of shipment.

Babesia gibsoni (dogs)

- (1) The dog has been inspected and found to be free of ticks and healthy prior to each of the two treatments required for external parasites.
- (2) The dog has been subjected to an IFA or ELISA test for *Babesia gibsoni* with a negative result in the 16 days prior to the date of shipment; or
- (3) The dog has been subjected to two PCR tests for *Babesia* spp. or *Babesia gibsoni* with negative results on samples collected 30-37days apart, with the second sample collected in the 16 days prior

to the date of shipment. Note: **Dogs diagnosed with Babesia gibsoni are not eligible for import, regardless of treatment.**

Ástralía:

Min 10 days PAQ

Dogs For dogs that have ever resided in Africa, the dog must be treated for *B. canis rossi* within 28 days of export:

Option 1: A government-approved veterinarian must treat the dog once with imidocarb dipropionate at a rate of 7.5 mg/kg body weight by subcutaneous injection.

OR Option 2: A government-approved veterinarian must treat the dog twice with imidocarb dipropionate at a rate of 6.6 mg/kg body weight by subcutaneous injection given two weeks apart.

Vector management: Parasiticide treatment to commence at least 21 days before blood sample collection for *E. canis*, repeated to provide continuous protection until at least the day of export.

Dogs must be treated with a registered acaricide effective against ticks on contact; the parasiticide must be applied according to manufacturer's instructions by a government-approved veterinarian.

Within four days immediately before export, dogs must be treated with a registered acaricide effective against ticks on contact; the acaricide must be applied according to manufacturer's instructions by a government-approved veterinarian.

Within four days immediately before export, dogs must be subject to thorough physical examination by a government-approved veterinarian and found to be visibly free from ticks.

Cats Parasiticide treatment at least 21 days before export, repeated to provide continuous protection until at least the day of export

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Babesía*

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Babesía* en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

3.1.3. Tillaga að breyttum mótvægisáðgerðum fyrir hunda og ketti

Á meðan þær tegundir mítla sem eru helstu smitferjur *Babesia* spp eru ekki greindir að staðaldri á Íslandi, er talið að litlar líkur séu á útbreiðslu á smiti þrátt fyrir að smit gæti borist til landsins með hundum eða köttum (sem er þó minna líklegt en með hundum). Þar sem greining og eða meðhöndlun gegn *Babesia* er frekar íþyngjandi miðað við áhættu á að hún breiðist um landið í fleiri gæludýr, þó smitið bærst til landsins, er ekki talið ráðlegt að gera kröfur á alla innflytjendur hunda að láta rannsaka mögulegt smit með blóðsýni eða meðhöndla gegn slíku smiti við innflutning til Íslands.

Almennar forvarnir:

Hundar og kettir skulu meðhöndlaðir gegn mítlum. Meðhöndlunin skal hefjast í síðasta lagi 5 vikum fyrir innflutning og viðhaldið fram að honum. Við heilbrigðissskoðun fyrir innflutning skal leitað sérstaklega að ytri sníkjudýrum.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðissskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

3.2. Leishmaníusýking

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru breytilegar líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum.

3.2.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: *Leishmania* er sníkjudýr sem lifir í frumum (trypanosomatid). Um er að ræða fleiri undirtegundir (>23) sem geta valdið fjölbreyttri flóru af sjúkdómum, allir kallaðir leishmaníusýking.

Móttækilegar dýrategundir: Sjúkdómurinn sést helst í hundum, fólki og nagdýrum, en kettir, hestar og önnur spendýr geta smitast. Ef kettir smitast sýna þeir oftast bæði húðform og almenna sýkingu. Flestar undirtegundir eru súnur.

Meðgöngutími: Meðgöngutími getur verið frá mánuði og til fleiri ára.

Einkenni: Einkenni geta verið breytileg, allt frá staðbundnum húðsjúkdómi yfir í að ná til flestra innri líffæra. Sjúkdómurinn getur verið frá því að vera einkennalítil yfir í að vera banvænn.

Smitleið: Smit berst fyrst og fremst með sérstökum tegundum af sandflugum. *Leishmania* lifir í tveimur hýslum, sandflugu sem smitast af stigi leishmaníusýkingu sem er utan fruma, og svo í spendýrum þar sem sníkjudýrið þorskast og fer inn í frumur. Hundar sem bera leishmaníu geta smitað sandflugur. Smit getur borist með blóðgjöf. Smit frá móður til afkvæma hefur verið lýst, en talið sjaldgæft. Smit getur borist með sæði og við þörun. Dæmi eru talin vera um að smit geti borist milli hunda. Smit getur borist frá hundum í fólk en fólk smitast oftast ef það er bitið af sandflugu sem hefur bitið sýktan hund eða fólk.

Útbreiðsla: Leishmaníusýking í fólki og hundum er víða í Afríku, hluta af Asíu, Suður-Evrópu og Suður- og Mið-Ameríku. Mest er útbreiðsla er við Miðjarðarhafið, í Mið-Austurlöndum og Suður-Ameríku. Smitsvæði finnast einnig við Miðjarðarhafið, Afríku, hlutum Indlands, hlutum Kína og öðrum svæðum í Asíu. Hefur einnig greinst í USA. Alþjóðlega er talið um 1,5 milljón manns greinist á ári með húðleishmaníusýkingu og um 500 þúsund með líffæraleishmaníusýkingu.

Greining: Einfaldast er að greina smit við smásjárskoðun á lituðu stroki frá húð, eða úr beinmerg eða stækkuðum eitlum. Næmi við greiningu er þó frekar lítil (30% eitla og 60% beinmerg). Mælt er með mótefnaeiningum. Flúorljómun (IFAT) hefur um 96% næmi (sensitivity) og 98% sértæki (specificity) sem er svipað og með ELISA. ELISA er hægt að nota við greiningar á eldri og nýrri gerð leishmaníusýkingu með næmi allt að 86-99%. PCR frá eitlum og beinmerg er mjög næm, en talin vera of mikið inngríp fyrir rútnugreiningu. Sýni tekin frá blóði eru ekki eins næm, en eru talin ásættanleg með mótefnaeiningum, sérstaklega RT-PCR.

Meðhöndlun: Hundar eru ólíklegir til að losna við smit þrátt fyrir meðhöndlun.

3.2.2. Núgildandi mótvægisáðgerðir fyrir hunda og ketti

Ísland:

Heilbrigðisskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning og skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Farið fram á ytri sníkjudýrameðhöndlun 5-10 dögum fyrir komu en ekki tekið fram hvort meðferðin þurfi að ná til flóa, lúsa eða mítla eða annarra ytri sníkjudýra.

Einangrun í 28 daga. Skimun í saur í einangrun. Meðhöndlun í einangrun m.t.t. ytri og innri sníkjudýra er gerð 2 sinnum í einangrun. Fyrir utan meðhöndlun gegn sullaveikifári eru tegundir sem meðhöndlunin á að ná til ekki skilgreindar.

Engin sértæk meðhöndlun gegn *Leishmania*.

Nýja-Sjælland:

Engin sértæk krafa m.t.t. *Leishmania*, en almenn krafa um meðhöndlun gegn ytri sníkjudýrum og heilsuvottorð.

The cat or dog must be treated twice, with the first treatment given in the 30 days prior to flying and at least two weeks before the second treatment which is given in the two days prior to flying to New Zealand. External parasite treatment must be effective against **fleas and ticks**.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. The animal must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease.

Note regarding topical flea and tick products: Please do not bathe the animal for two days before and two days following the application of a topical treatment for parasites.

Dogs' semen is concluded not to be a potential hazard.

Ástralía:

Dogs: Pre-export serology with negative results. Post-collection serology of semen donors with negative results

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Leishmania*

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi *Leishmania* en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

3.2.3. Tillaga að breyttum mótvægisáðgerðum

Á meðan helsta smitferja *Leishmania* sem er sandfluga hefur ekki fundist hér á landi eru litlar líkur á að *Leishmania* nái fóttfestu ef smitið bærir með sýktum hundi.

Almennar forvarnir:

Heilbrigðis skoðun 5-10 dögum fyrir innflutning. Dýrin skulu skoðuð af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Meðhöndla tvisvar gegn sníkjudýrum þar sem meðferð nær til mítla. Gefa skal fyrstu meðferð innan 30 daga fyrir flug og alla vega 2 vikum fyrir seinni meðferð sem skal vera 2 dögum fyrir flug.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

3.3. Þráðormar (Nematoda): Bitormar – *Ancylostoma* spp.

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum. Engin áhættugreining liggur fyrir varðandi ketti, en verður að áætla að sú áhætta sé síst minni.

3.3.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Þráðormar- Nematoda- tegund Bitormar. Í hundum er algengast *Ancylostoma caninum* en *Ancylostoma braziliense* og *Ancylostoma ceylanicum* eru skyldar tegundir og lífshringrás svipuð og hjá *A. caninum*. *A. braziliense* finnst í hundum og köttum í trópískum og subtrópískum svæðum. *A. ceylanicum* eru sumstaðar í Asíu.

Móttækilegar dýrategundir: Mjög breytilegt eftir tegund orma. Sjá hættugreiningu (hazard identification) frá Nýja Sjálandi <https://www.mpi.govt.nz/dmsdocument/2796/send>

Meðgöngutími: Egg finnast í saur um.p.b. 2-3 vikum eftir smit.

Einkenni: Bit ormannna í þarmaslímhúð getur valdið tapi á próteinum og rauðum blóðkornum svo blóðleysi er oft mest áberandi einkenni. Þarmabólgur, vanþrif, lágt serum prótein, blóðleysi (anaemia), stundum bráð blæðandi þarmabólga og lungnabólga eftir ferðalag lirfa í lungum eru helstu afleiðingar mikilla sýkingar. Getur endað í dauða dýrs. Sjúkdómurinn getur verið frá því að vera einkennalítil til að geta valdið dauða.

Smitleið: Berst í móttækileg dýr frá umhverfi en einnig í hvolpa gegnum leg í meðgöngu og í mjólk frá sýktum tíkum með lifrustig í dvala sem lifna við meðgöngu og fara yfir í júgurvef. Sýking gegnum húð er líka möguleg. Lirfur bitorma, en þá helst *A. braziliense* geta farið í gegnum húð á fólki en komast ekki í blóðrásina. Veldur *cutaneus larva migrans*. Dæmi um að fólk smitist um munn.

Útbreiðsla: *Ancylostoma/Uncinaria* Hefur fundist í innfluttum hundum í einangrunarstöð nánast árlega síðustu ár. *Uncinaria* hefur fundist í villtum refum hér á landi.

Greining: Skimun í saur og PCR

Meðhöndlun: Virk sníkjudýralyf á bitorma: dichlorvos, fenbendazole, flubendazole, mebendazole, nitroscanate, piperazine, pyrantel, milbemycin, moxidectin, diethylcarbazine, oxibendazole, and ivermectin.

3.3.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Heilbrigðissskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning og skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Farið fram á ytri sníkjudýrameðhöndlun 5-10 dögum fyrir komu en ekki tekið fram hvort meðferðin þurfi að ná til flóa, lúsa eða mítla eða annarra ytri sníkjudýra.

Einangrun í 28 daga. Skimun í saur í einangrun. Meðhöndlun í einangrun m.t.t. ytri og innri sníkjudýra er gerð 2 sinnum í einangrun. Fyrir utan meðhöndlun gegn sullaveikifári eru tegundir sem meðhöndlunin á að ná til ekki skilgreindar.

Nýja-Sjáland: The animal has been treated twice with a product (or combination or products) registered for the control of nematodes and cestodes at the manufacturer's recommended dose: a) The first treatment was given in the 30 days prior to the date of shipment and at least two weeks before the second treatment. b) The second treatment was given in the four days prior to the date of shipment

Ástralía: Two parasiticide treatments at an interval of not less than 14 days; the second within 5 days of export.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi bitorma

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi bitorma en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

3.3.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Sníkjudýrameðhöndlun sem nær til þráðorma tvisvar sinnum með minnst 14 daga millibili og seinni meðhöndlun stuttu fyrir komu (5-10 dagar) til að hindra að fullorðnir ormar séu til staðar í þarmi og skilji út egg. Saurýnataka í einangrun og skimun eykur líkur á að ormurinn greinist við komu. Ekki er hægt að fyrirbyggja að tíkur sem hafa lifrustig í dvala skilji út lirfur og smiti hvolpa sína síðar. Fenbendasol eða Ivermectin meðhöndlun á hvolpafullum tíkum kemur í veg fyrir lirusmit í leg og júgur. Ber að hvetja innflytjendur tíka að meðhöndla gegn innri sníkjudýrum á meðgöngu og fyrst á eftir. Virk sníkjudýralyf á

bitorma dichlorvos, fenbendazole, flubendazole, mebendazole, nitroscanate, piperazine, pyrantel, milbemycin, moxidectin, diethylcarbazine, oxbendazole, og ivermectin.

Skimun í saur við komu.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

3.4. Þráðormar (Nematoda): *Strongyloides* spp

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum. *Strongyloides stercoralis* hefur fundist í innfluttum hundum í einangrunarstöð nánast árlega síðustu ár, en einnig í hundaræktun sem flutti inn hunda. Hundaræktinni hefur verið lokað og talið er að tekist hafi að uppræta þetta smit á Íslandi. Aðrar mögulegar tegundir í köttum eru *Strongyloides planiceps (cati)*, *Strongyloides felis* og *Strongyloides tumefaciens*.

3.4.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Þráðormar - nematoda- tegund *Strongyloides* spp

Móttækilegar dýrategundir: Hundar, kettir, fólk

Meðgöngutími: Egg geta fundist í saur u.þ.b. 7-10 dögum eftir sýkingu

Einkenni: Einkenni geta verið væg eða engin, en einnig geta komið framvæg lungnaeinkenni, kviðverkir, ógleði og niðurgangur. Hundar geta einnig sýnt vanþrif, megurð og hægari vaxtarhraða. Við alvarlegri tilfelli geta hundar fengið hita og slæma öndunarfærasýkingu. Sýking er ekki talin hættuleg fólki nema fyrir einstaklinga með ónæmisbælingu vegna sjúkdóma eða lyfja.

Smitleið: Lirfur ormsins lifa í jarðvegi og geta smitað fólk og dýr í gegnum heila húð en einnig um meltingarveg. Lífsferill ormsins er flóknari en hjá flestum þráðormum og fer hann í gegnum tvo mismunandi lífsferla, annarsvegar í jarðvegi og hinsvegar í hýsli. Eftir smit í gegnum húð eða sjálfssmit í gegnum meltingarveg, berast lirfur í gegnum blóðrás í lungu og svo aftur í þarm þar sem fullorðinn ormur þroskast og verpir eggjum. Eggjin klekjast flest í lirlustig áður en þau berast út með saur. Getur smitast frá tík til hvolpa á spena gegnum mjólk.

Útbreiðsla: *S. stercoralis* lifir aðallega í fólki, en finnst einnig í hundum, köttum og öpum og smit getur borist milli manna og dýra. Ekki er vitað hvort sama gerð ormsins smiti fólk og dýr, en ekki er hægt að útiloka það. Ormurinn er algengur í Suður- og Austur-Evrópu, en hefur einnig reglulega greinst í Norður-Evrópu og á Norðurlöndunum, Afríku, Asíu og Mið- og Suður-Ameríku og suðausturluta Norður-Ameríku.

Greining: Skimun í saur og PCR

Meðhöndlun: Virk sníkjudýralyf á *Strongyloides* m.a, fenbendazole (í 5 daga 2x með 4 vikna millibili), og ivermectin (2x með 4 vikna millibili). Thiabendazole í þeim skömmtum sem virkar gegn orminum (3 dagar í einu vikulega) getur hinsvegar valdið eitrun.

3.4.2. Núgildandi innflutnings skilyrði

Ísland:

Heilbrigðis skoðun 5-10 dögum fyrir innflutning og skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Meðhöndlun gegn bandormum: Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn bandormum (*Echinococcus multilocularis*, *Echinococcus granulosus*).

Farið fram á ytri sníkjudýrameðhöndlun 5-10 dögum fyrir komu en ekki tekið fram hvort meðferðin þurfi að ná til flóa, lúsa eða mítla eða annarra ytri sníkjudýra.

Einangrun í 28 daga. Skimun í saur í einangrun. Meðhöndlun í einangrun m.t.t. ytri og innri sníkjudýra er gerð 2 sinnum í einangrun. Fyrir utan meðhöndlun gegn sullaveikifári eru tegundir sem meðhöndlunin á að ná til ekki skilgreindar.

Engin sértæk meðhöndlun gegn *S. Stercoralis*. Hefðbundin sníkjudýrameðhöndlun gegn þráðormum mun ólíklega vinna á *S. Stercoralis*.

Nýja-Sjáland: The animal has been treated twice with a product (or combination or products) registered for the control of nematodes and cestodes at the manufacturer's recommended dose: a) The first treatment was given in the 30 days prior to the date of shipment and at least two weeks before the second treatment. b) The second treatment was given in the four days prior to the date of shipment

Ástralía: Two parasiticide treatments at an interval of not less than 14 days; the second within 5 days of export.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi þráðorma

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi þráðorma en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

3.4.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Sníkjudýrameðhöndlun sem nær til þráðorma tvisvar sinnum með 14 daga millibili og seinni meðhöndlun stuttu fyrir komu (5-10 dagar) til að hindra að fullorðnir ormar séu til staðar í þarmi og skilji út egg. Það er þó alls óvíst og ólíklegt að slík meðhöndlun sé nægjanleg til að losa smitaða hunda við þennan sérstaka þráðorm.

Skimun í saur við komu. Saursynataka í einangrun og skimun eykur líkur á að ormurinn greinist við komu og sé þá hægt að meðhöndla sérstaklega í einangrun.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

3.5. Þráðormar (Nematoda): Hjartaormur *Dirofilaria immitis* og *Dirofilaria repens*

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miklar líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum. Ekki liggur fyrir sambærilegt áhættumat fyrir ketti, en þar sem kettir geta einnig smitast og hjartaormurinn er dreifður um Asíu, Ameríku, Ástralíu og Evrópu er smit varla ólíklegt. Í rannsókn (McCall 2005) hjá 18.000 dýralæknastofum voru staðfest smit í 240.000 hundum og 3000 köttum. Skv. dönsku áhættumati er ekki síðri ástæða til að skoða *D. repens* sem virðist hafa meiri útbreiðslu í Evrópu en *D. immitis*. Áhættumat um *D. repens* liggur þó ekki fyrir

3.5.1. Almennt um sýkinguna

Orsök: Nematoda - þráðormur sem tilheyrir flokki Spirurida, ætt Filaroidea: Family: Onchocercidae.

Móttækilegar dýrategundir: *D. immitis* getur verið í fleiri spendýrum en hefur aðlagast best að hundum sem hýslum, sem einnig virkar sem „forðabúr“ sýkingar. Í köttum þróast lítið af míkrofílaríum, og fólk myndar helst hnúta í lungum án framleiðslu af míkrofílaríum. *D. repens* eru sem fullorðnir ormar undir húð þar sem þeir verpa míkrofílaríum út í blóðrás. *D. repens* í fólki myndar hnúta í undirhúð en getur líka farið í augu.

Meðgöngutími: Það tekur um 7 mánuði frá smit berst í hund þar til það hefur þroskast fullþroska ormur í æðum frá hjarta til lungna.

Einkenni: Klínísk einkenni byggja á skaða í lungnaslagæðum og veldur hjartabilun. Klínísk einkenni geta verið dulín í fleiri ár. Á meðan getur hundurinn smitað þær moskítóflugur sem sjúga blóð úr honum.

Smitleið: Millihýsill er moskítóflugur af ólíkum tegundum. Á heimsvísu eru 70 tegundir af moskító hýslum fyrir *D. immitis*, aðallega af tegundum *Culex*, *Ades*, *Anopheles* og *Mansonia* (Weinland 1969; Ferasin 2005). 1. lírfustig (microfilaria) getur borist í fluguna við að stinga smitaða hýsla og þroskast þar í 3. stigs lírfur, en þroskatími lírfunnar fer eftir hitastigi; t.d. 8 daga við 30°C, 30 daga við 18°C en þarf að lágmarki 14°C til að þroskast. 3. stigs lírfa getur smitast yfir í spendýr. Sjúkdómurinn er algengastur í hundum en sést sjaldnar í köttum og loðdýrum. Fólk getur fengið smit en eru ekki náttúrulegur hýsill. Lírfur sem smitast yfir í ketti og fólk þroskast sjaldnast í fullþroska orm og eru því „blindgata“ hvað varðar smit.

Útbreiðsla: *Dirofilaria* finnst víða í Asíu, Ástralíu, Evrópu og Ameríku. Algengi (prevalence) fer eftir þéttleika millihýsla sem eru moskítóflugur.

Greining: ELISA mótefnaþæling greinir mótefni gegn fullorðnum kvenormum. Greining er því fyrst möguleg á mótefni gegn fullorðnum hjartaormum 5 mánuðum eftir smit og 1. stigs lírfum (microfilaría) eftir 6,5 mánuði. Næmi (sensitivity) er um 98% ef um mikla sýkingu er að ræða en getur fallið niður í 35% í hundum með litla ormasýkingu. Sérteki (specificity) er um 100% fyrir öll aðgengileg próf. (Ferasin 2005). Það er enging þörf á að prófa yngri hunda en 7 mánaða gegn 1. stigs lírfum. Jákvætt próf í þeim tilfellum væri vegna smits á meðgöngu (AHS 2005).

Meðhöndlun: Algengasta meðhöndlunin til að fyrirbyggja hjartaorm eru makrócyklísk laktónasambönd (ivermectin, milbemycin oxime, moxidectin and selamectin). Þessi lyf eru virk gegn 1., 3. og 4. stigs lírfum og stundum ungum fullorðnum hjartaormum. Makrócyklísk laktónasambönd geta drepit 4. stigs lírfur á innvortis flakki allt að 6 vikum eftir sýkingu (McCall 2005; Ferasin 2005) og er því talað um afturvirka eiginleika. „*The American Heartworm Society*“ metur að einn skammtur af makrócyklískum laktónasamböndum hafi afturvirk áhrif í allt að einn mánuð og hafi háa virkni í u.m.þ.b. 1 mánuð eftir meðhöndlun. Þess vegna er talað um að hægt sé að hindra smit með einni meðhöndlun með annað hvort ivermectin í styrk 6 µg/kg, milbemycin oxime í styrk 0.5 mg/kg, eða moxidectin í styrk 2-4 µg/kg.

3.5.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Heilbrigðissskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning og skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Meðhöndlun gegn bandormum: Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn bandormum (*Echinococcus multilocularis*, *Echinococcus granulosus*).

Farið fram á ytri sníkjudýrameðhöndlun 5-10 dögum fyrir komu en ekki tekið fram hvort meðferðin þurfi að ná til flóa, lúsa eða mítica eða annarra ytri sníkjudýra.

Einangrun í 28 daga. Skimun í saur í einangrun. Meðhöndlun í einangrun m.t.t. ytri og innri sníkjudýra er gerð 2 sinnum í einangrun. Fyrir utan meðhöndlun gegn sullaveikifári eru tegundir sem meðhöndlunin á að ná til ekki skilgreindar.

Nýja-Sjáland: Heartworm (*Dirofilaria immitis*) (dogs)

(1) If six months of age or older on the date of shipment, the dog has been subjected to a heartworm antigen ELISA test with a negative result in the 30 days prior to the date of shipment.

(2) All dogs (regardless of age) have either been treated with a product registered for heartworm prevention at the manufacturer's recommended dose in the four days prior to the date of shipment or are up-to-date with a sustained-release injection registered for heartworm prevention

Option 1. Dogs could be certified as showing no clinical signs of heartworm on the day of shipment.

Option 2. Dogs older than 5 months of age (earliest time post-infestation that heartworm antigen can be detected) on the scheduled date of export, could be subjected to an antigen ELISA with negative results within 1 month of travel; and

Within 48 hours of departure all dogs could be treated with:

Either: ivermectin at 6 mcg/kg

Or; milbemycin at 0.5 mg/kg

Or; moxidectin at 2-4 mcg/kg

Or; injectable sustained release formulation moxidectin at the recommended dose rate

Or, selamectin at 6 mg/kg

Ástralía: Two parasiticide treatments at an interval of not less than 14 days; the second within 5 days of export

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi þráðorma

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi þráðorma en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

3.5.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Mótefnaþælingar og/eða meðhöndlun gegn hjartaormi (á aðeins við um hunda).

Skimun í saur við komu. Sausýnataka í einangrun og skimun eykur líkur á að ormurinn greinist við komu og sé þá hægt að meðhöndla sérstaklega í einangrun.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

3.6. Þráðormar (Nematoda): Hjartaormur *Angiostrongylus vasorum*

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru meðalmiklar líkur á að smitefnið berist til landsins með innfluttum hundum.

3.6.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Þráðormar- Nematoda- tegund *Angiostrongylus vasorum* stundum kallaður „franski“ hjartaormurinn, eða hundalungnaormur og er sníkjudýr refa og hunda.

Móttækilegar dýrategundir: Hundar, refir

Meðgöngutími: 6-10 vikur. Fullorðinn ormur getur lifað í um 2 ár.

Einkenni: Einkenni hjartaormasýkingar eru misalvarleg en algengust eru hósti, mæði, slappleiki og lysterleysi (Canine pulmonary angiostrongylosis CPA). Alvarlegar sýkingar geta leitt til dauða. Fullorðnir ormar halda sig í lungnaslagæðum og í hægri hlið hjartans en lifur ormsins ferðast í um lungnavefinn og valda þar skemmdum.

Smitleið: Hjartaormurinn sýkir refi og hunda en millihýslar ormsins eru ýmsar sniglategundir. Ormurinn er ekki sértækur á sniglategundir og hugsanlegt er að íslenskar sniglategundar gætu hentað sem millihýslar. Talið er að smit berist í hunda og refi þegar þeir éta smitaða snigla, eða slím frá sniglum (sem t.d. halda sig í grasi) en smit getur ekki borist beint frá hundi til hunds. Fólki stafar ekki hættu af hjartaorminum.

Útbreiðsla: Hjartaormurinn finnst víða í Evrópu, Ameríku og Afríku og svo virðist sem útbreiðsla hans sé að aukast en sú aukning er talin tengjast hlýnandi loftslagi og auknum ferðalögum fólks með hunda.

Greining: Skimun í saur og ELISA

Meðhöndlun: Meðferð sem virkar á hjartaorminn *Dirofilaria immitis* virkar í flestum tilfellum ekki á þennan hjartaorm. Á síðustu 10 árum hefur orðið algengara að nota fenbendazole í skömmtum frá 20-50 mg/kg í 5–21 daga og hefur verið mælt með í stað levamisole and ivermectin sem meðferð.

3.6.2. Núverandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Heilbrigðisskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning og skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Meðhöndlun gegn bandormum: Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn bandormum (*Echinococcus multilocularis*, *Echinococcus granulosus*).

Farið fram á ytri sníkjudýrameðhöndlun 5-10 dögum fyrir komu en ekki tekið fram hvort meðferðin þurfi að ná til flóa, lúsa eða mítla eða annarra ytri sníkjudýra.

Einangrun í 28 daga. Skimun í saur í einangrun. Meðhöndlun í einangrun m.t.t. ytri og innri sníkjudýra er gerð 2 sinnum í einangrun. Fyrir utan meðhöndlun gegn sullaveikifári eru tegundir sem meðhöndlunin á að ná til ekki skilgreindar.

Nýja-Sjáland: The animal has been treated twice with a product (or combination or products) registered for the control of nematodes and cestodes at the manufacturer's recommended dose: a) The first treatment was given in the 30 days prior to the date of shipment and at least two weeks before the second treatment. b) The second treatment was given in the four days prior to the date of shipment

Ástralía: Two parasiticide treatments at an interval of not less than 14 days; the second within 5 days of export.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi þráðorma

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi þráðorma en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

3.6.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Blóðgreining (ELISA eða PCR). (Á aðeins við um hunda).

Meðhöndlun gegn almennum þráðormum nær ólíklega árangri gegn hjartaormi

Skimun í saur við komu. Saurýnataka í einangrun og skimun eykur líkur á að ormurinn greinist við komu og sé þá hægt að meðhöndla sérstaklega í einangrun.

Ekki er tekið fram að meðferð gegn sníkjudýrum skuli ná til mítla.

The dog must be treated twice, with the first treatment given in the 30 days prior to flying and at least two weeks before the second treatment which is given in the two days prior to flying to New Zealand. External parasite treatment must be effective against fleas and ticks.

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. Your dog must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease and be examined for canine transmissible venereal tumour (CTVT).

Ástralía:

External parasites

- A government approved veterinarian must treat the dog with a product that kills **ticks and fleas** on contact at least 21 days before blood collection for *Ehrlichia canis* antibody testing. Continuous protection from external parasites must be maintained until the time of export and treatments may need to be repeated by the veterinarian in accordance with the manufacturer's directions.
- To calculate 21 days after initial external parasite treatment, count the day the treatment is applied as day 0. For example, if treatment is given 1 January then the blood sample cannot be collected until 22 January.
- At each subsequent veterinary visit, the Government approved veterinarian should thoroughly check the dog for external parasites. If **fleas or ticks** are found they must be removed, the treatment restarted, and the dog tested for *Ehrlichia canis* antibodies 21 days later.
- See the department's webpage for further information on acceptable treatments.

Examination: Within the five days immediately before export, the dog must be subjected to a thorough physical examination by an approved representative of the Competent Authority of the country of export and found to be free from clinical signs of infestation by internal parasites.

ESB:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi Brucella.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi Brucella en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni innan 48 tíma fyrir flutning.

4.4.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Meðhöndla tvisvar gegn sníkjudýrum þar sem meðferð nær til mítla. Gefa skal fyrstu meðferð innan 30 daga fyrir flug og alla vega 2 vikum fyrir seinni meðferð sem skal vera 2 dögum fyrir flug.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi

hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

5. Sveppasýkingar

5.1. Húðsveppir

Samkvæmt áhættugreiningu PW eru miðlungs líkur á að smitefnin berist til landsins með innfluttum hundum.

5.1.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Sveppategundirnar *Microsporum canis*, *M. gypseum* og *Trichophyton mentagrophytes*. Jafnframt þarf að hafa í huga að tegundin *Trichophyton verrucosum* sem veldur hringskyrfi í nautgripum, getur borist með hundum. Mikilvægt er að halda landinu lausu við hringskyrfi en tekist hefur að útrýma því í þau örfáu skipti sem það hefur komið upp.

Móttækilegar dýrategundir: Hundar, kettir en önnur spendýr s.s. fólk geta smitast.

Meðgöngutími: 7-21 dagar.

Einkenni: Hárlausir blettir með skorpumyndun og stundum hárslíðursbólgu og kýlum.

Smitleið: Snertismit, bæði frá sýktu dýri og ýmsum hlutum sem smitið getur hefur borist á frá sýktu dýri.

Útbreiðsla: Algeng víða um heim.

Greining: Skimun með Woods lampa, bein smásjárskoðun á hárum og húðskrapi, og ræktun.

Meðhöndlun: Útvortis meðhöndlun með sveppalyfjum (böðun) getur dugað í vægum tilfellum en í alvarlegri langvarandi tilfellum þarf lyfjameðferð.

5.1.2. Núverandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Heilbrigðissskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning og skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Farið fram á ytri sníkjudýrameðhöndlun 5-10 dögum fyrir komu en ekki tekið fram hvort meðferðin þurfi að ná til flóa, lúsa eða mítla eða annarra ytri sníkjudýra.

Einangrun í 28 daga. Skimun í saur í einangrun. Meðhöndlun í einangrun m.t.t. ytri og innri sníkjudýra er gerð 2 sinnum í einangrun. Fyrir utan meðhöndlun gegn sullaveikifári eru tegundir sem meðhöndlunin á að ná til ekki skilgreindar.

Annars engin sértæk innflutningsskilyrði vegna húðsveppa.

Nýja-Sjáland:

Final veterinary examination:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. The dog must be free of evidence of external parasites and clinical signs of infectious and contagious disease.

Ástralía:

The dog must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

Evrópusambandið:

Innflutningur til ESB ekki í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi húðsveppi.

Innflutningur til ESB í viðskiptalegum tilgangi: Engar sérstakar kröfur varðandi húðsveppi en krafa um heilbrigðisvottorð dýralæknis um að hundurinn sýni engin klínísk einkenni.

Clinical examination - dogs, cats and ferrets must undergo within 48 hours prior to the time of dispatch a clinical examination carried out by an authorised veterinarian, who must verify that the animals show no signs of diseases and are fit to be transported for the intended journey.

5.1.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Fimm til tíu dögum fyrir innflutning skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á einangrunartímanum stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðis skoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi hund með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

6. Önnur smitefni

6.1. Smitandi kynfæraæxli í hundum (Canine Transmissible Venereal Tumor / CTVT)

Ekki tekið fyrir í áhættumati PW. Sjúkdómurinn finnst víða um heim en óvíst hvort hann hafi komið upp á Íslandi.

6.1.1. Almenn um sýkinguna

Orsök: Æxlisfrumur. Um er að ræða trafrumuæxli ytri kynfæra hjá hundum (einnig úlfum, refum og skyldum tegundum)

Meðgöngutími: Æxlið er 4-6 mánuði að ná fullri stærð.

Einkenni: Blómkáslaga æxlisvöxtur á tippi og forhúð hjá rökkum og á skeið hjá tíkum. Auk þess útfærð frá forhúð og þvagteppa. Blætt getur úr skeið. Einstaka sinnum er æxlisvöxtur á munn og nefi og þá geta komið fram blóðnasir og bólga í andliti. Æxlin geta gengið til baka vegna ónæmissvörunar. Meinvörp eru sjaldgæf nema hjá hvolpum og ónæmisbældum hundum. Meinvörp finnast þá helst í eitlum en einnig í húð, heila, augum, milta eistum og vöðvum.

Smitleið: Smitast á milli dýra við þörun eða önnur náin samskipti.

Útbreiðsla: Um er að ræða sjúkdóm með yfir 6000 ára sögu. Finnst út um allan heim, í a.m.k 90 löndum í öllum heimsálfum. Þar sem mikið er um lausa hunda (free-roaming) er sjúkdómurinn algengari en þar sem meira eftirlit er með hundahaldi og þar sem fleiri hundar eru geltir, eins og í Norður-Evrópu. Á Íslandi hefur aldrei verið staðfest greining á CTVT.

Greining: Vefjasýni.

Meðhöndlun: Æxlin geta gengið til baka. Þau eru oft ekki skurðtæk vegna staðsetningar. Krabbameinslyfjagjöf hefur gefið hvað bestan árangur. Stundum þarf einnig geislameðferð. Með rétttri meðhöndlun eru batahorfur góðar en einnig vegna þess að nokkuð algengt er að æxlin gangi til baka af sjálfu sér.

6.1.2. Núgildandi innflutningsskilyrði

Ísland:

Heilbrigðisskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Einangrun: fjögurra vikna einangrun þar sem fylgst er með heilsufari.

Nýja-Sjáland:

A veterinarian must perform a final pre-export clinical examination in the 2 days prior to arrival. Your dog must be free of evidence of external parasites, clinical signs of infectious and contagious disease and be **examined for canine transmissible venereal tumour (CTVT)**.

Ástralía:

The dog must be examined by a government approved veterinarian or an official government veterinarian and found to be free from external parasites and clinical signs of infectious or contagious disease within 5 days before export.

ESB:

Clinical examination - dogs, cats and ferrets must undergo within 48 hours prior to the time of dispatch a clinical examination carried out by an authorised veterinarian, who must verify that the animals show no signs of diseases and are fit to be transported for the intended journey.

Ofangreint á eingöngu við um „commercial import“ og ekki „non-commercial“ sem er algengari flutningsmátinn.

6.1.3. Tillaga að breyttum innflutningsskilyrðum

Heilbrigðisskoðun 5-10 dögum fyrir innflutning með áherslu á einkenni CTVT.

14 daga einangrun eftir komu til landsins á viðurkenndri einangrunarstöð. Á meðan á dvöl í einangrun stendur skal fylgst vel með heilsufari og dýralæknir stöðvarinnar skal framkvæma nákvæma heilbrigðisskoðun. Verði vart við einkenni smitsjúkdóms skal rannsaka viðkomandi dýr með viðeigandi hætti og önnur dýr í einangruninni eftir þörfum. Matvælastofnun tekur ákvörðun um aðgerðir á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

7. Tillögur að breytingum á innflutningskröfum

Samantekt um tillögur að breyttum heilbrigðisskilyrðum er að finna í viðauka.

7.1. Viðurkennd útflutningslönd

Eingöngu er heimilt að flytja hunda og ketti til Íslands frá landi sem Matvælastofnun hefur viðurkennt sem útflutningsland. Slík viðurkenning felur í sér að landið hefur að mati Matvælastofnunar sýnt fram á viðunandi dýrasjúkdómastöðu og dýraheilbrigðisþjónustu. Í þessu samhengi vegur hundaæði þyngst en einnig gætu komið til aðrir þættir.

Viðurkennd útflutningslönd verða flokkuð í tvo flokka m.t.t. hundaæðis, annars vegar „lönd án hundaæðis“ eða „lönd þar sem hundaæði er haldið vel í skefjum“.

Dýrin skulu hafa dvalið í viðurkenndu útflutningslandi síðustu 6 mánuði fyrir innflutning, ellegar öðru útflutningslandi sem skilgreint er á sama hátt hvað varðar hundaæði. Ef land sem innflytjandi hyggst flytja inn hund eða kött frá er ekki tilgreint á listanum er hægt að sækja um sérstakt mat Matvælastofnunar á því hvort landið getur talist viðurkennt útflutningsland.

Flokkunin er byggð á skilgreiningum OIE Terrestrial Animal Health Code um „land án hundaæðis“ (country free from infection with rabies virus). Sem dæmi um forsendur fyrir því að land geti talist vera án hundaæðis má nefna að í landinu skal vera í gildi virkt sjúkdómatilkynningarkerfi; ekkert innlent tilfelli hundaæðis má hafa komið upp undanfarna 24 mánuði og hundaæði skal vera tilkynningarskyldur sjúkdómur.

OIE rekur gagnagrunninn WAHIS (The OIE World Animal Health Information System) og frá árinu 2005 hefur gögnum um dýrasjúkdóma verið safnað og þau birt. Gagnagrunnurinn fær upplýsingar frá 206 ríkjum og landssvæðum, og þar af frá öllum 182 aðildarlöndum OIE. Á vef OIE er hægt að skoða stöðu tilkynningarskyldra sjúkdóma í öllum löndunum á tilteknu tímabili (6 mánuðir).

Ef leitað er að rabies þá birtast eftirfarandi landalistar:

- a) Disease never occurred
- b) Disease absent during the report period
- c) Disease suspected
- d) Disease suspected but not confirmed and limited to one or more zones
- e) Demonstrated clinical disease
- f) Disease restricted to certain zone(s)/region(s) of the country
- g) Current unresolved disease events (immediate notifications/follow-up reports)

Forsenda flokkunar Matvælastofnunar:

- Lönd án hundaæðis
 - Öll lönd á listanum „rabies never occurred“
 - Þau lönd á hinum listunum sem uppfylla skilyrði OIE um „rabies free“ lönd - af útflutningslöndum til Íslands sl 5-10 ár
- Lönd þar sem hundaæði er haldið vel í skefjum
 - Þau lönd á hinum listunum sem uppfylla ekki skilyrði OIE um „rabies free“ lönd - af útflutningslöndum til Íslands sl 5-10 ár
 - Lönd þar sem hundaæði er ekki haldið vel í skefjum verða undanskilin og teljast ekki til viðurkenndra útflutningslanda.

Bæði í Nýja-Sjálandi og Ástralíu er tekið mið af skilgreiningum OIE hvað varðar hundaæði en landalistarnir eru mis ítarlegir. Vegna innflutnings til Íslands er lagt til taka fyrst til skoðunar öll þau lönd hvaðan hundar og kettir hafa verið fluttir til Íslands sl. 5-10 ár og flokka þau. Svo mætti þá taka til skoðunar önnur lönd þegar og ef umsóknir um innflutning berast.

Í ástralska áhættumatinu frá árinu 2013 kemur fram að það hafi komið til greina að fara fram á bólusetningu og mótefnaþælingu vegna hundaæðis frá löndum sem eru laus við hundaæði. Hins vegar hafi niðurstaðan verið sú að sú staðreynd að landið sé yfirlýst laust við hundaæði sé nægjanleg smitvörn. Ein forsendan fyrir því að land sé laust við hundaæði er hömlur á innflutningi dýra m.t.t. hundaæðis.

Hundar sem fluttir eru inn frá landi án hundaæðis skulu hafa verið í því landi (eða öðru landi í sama flokki) frá fæðingu eða í a.m.k. 6 mánuði. Nýja-Sjáland og Ástralía gera einnig slíkar kröfur. Slíku skal lýst yfir skriflega. Í einhverjum tilfellum gæti leikið vafi á sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar. Rætt hefur verið hvort innflytjandi skuli leggja fram einhver gögn því til stuðnings að dýrið hafi sannanlega verið í landinu (eða öðru landi í sama flokki). Leitað var til Ástralíu og upplýsinga óskað um verklag hvað þetta varðar. Skv. símtali við fulltrúa Department of Agriculture and Water Resources þann 12. maí 2019 er ekki gerð krafa um nein gögn þessu til staðfestingar. Hins vegar var bent á yfirvöld í Hawaii eða Singapore (önnur lönd sem eru laus við hundaæði hvaðan hundar eru reglulega fluttir til Ástralíu) þar sem yfirvöld í útflutningslandi skulu votta yfirlýsingu um uppruna hundanna.

Hvað varðar innflutning hunda og katta til Íslands frá löndum án hundaæðis, eru dæmi um að innflytjendur hafi flutt dýr frá landi án hundaæðis sem þó átti uppruna í landi með hundaæði. Með síauknum ferðalögum fólks með gæludýr sín á milli landa getur verið erfitt að henda reiður á nákvæmum uppruna dýra og upplýsingum um hvar þau hafa dvalið. Þar af leiðandi er lagt til að gerð verði krafa um bólusetningu og mótefnamælingu vegna hundaæðis vegna innflutnings hunda frá löndum sem eru laus við hundaæði.

Evrópusambandið hefur einnig farið svipaða leið, þ.e. krafist er bólusetningar frá löndum sem eru laus við hundaæði (m.a. Íslandi) en þó er ekki farið fram á mótefnamælingu. Bólusetningar skila oftast tilætluðum árangri en til þess að ganga úr skugga um árangur bólusetningar er mótefnamæling nauðsynleg.

Gagnvart ESB er Rússland í sama flokki og Ísland og eingöngu er krafist bólusetningar vegna innflutnings þaðan til ESB. Rússland er þó ekki samþykkt innflutningsland gagnvart Nýja-Sjálandi né Ástralíu og virðist ekki uppfylla kröfur OIE sem land sem er laust við hundaæði eða þar sem hundaæði er haldið vel í skefjum. Vegna þessa eru nokkrar líkur á (og dæmi um) að hundar séu fluttir frá Rússlandi til Finnlands, Svíþjóðar eða Noregs eingöngu með bólusetningu gegn hundaæði og svo þaðan til Íslands án meiri varna.

M.a. í ljósi ofangreinds telja skýrsluhöfundar nauðsynlegt að fara fram á bólusetningu og mótefnamælingu vegna hundaæðis jafnvel þegar hundar eru fluttir inn frá löndum án hundaæðis.

Landalistar; yfirlit yfir viðurkennd útflutningslönd auk landa án hundaæðis og landa þar sem hundaæði er haldið í skefjum skulu skilgreindir og uppfærðir ef breyting verður á dýrasjúkdómastöðu eða dýraheilbrigðisþjónustu að mati Matvælastofnunar.

7.2. Opinber áritun heilbrigðisvottorða

Samkvæmt núgildandi reglum skal heilbrigðis- og upprunavottorð vegna innflutnings hunda til Íslands gefið út af dýralækni sem hefur starfsleyfi í viðkomandi útflutningslandi.

Heilbrigðisvottorð hunda vegna innflutnings til Ástralíu, Nýja-Sjálands og Evrópusambandsins skulu ýmist gefin út eða árituð af opinberum dýralækni.

Komið hafa upp mál þar sem sannleiksgildi heilbrigðis- og upprunavottorða vegna innflutnings hunda til Íslands hafa verið dregin í efa. Í einhverjum tilfellum virðast upplýsingarnar eða gögnin sem viðkomandi dýralæknir byggir vottorðið á ekki nægilega traustar. Í öðrum tilfellum virðast hundaræktendur (útflytjendur) og dýralæknar eiga í það nánum viðskiptatengslum að vafi leikur á um hæfi dýralæknisins. Sem dæmi má nefna að í mars 2019 lagði ræktandi (útflytjandi) fram falsað vottorð um niðurstöður úr mótefnamælingu vegna hundaæðis. Gera má ráð fyrir að dýralækninum sem skrifaði undir vottorðið hafi verið kunnugt um þá fölsun. Þegar upp komst um fölsunina var hundurinn þegar búinn að vera fjórar vikur í einangrunarstöð og var hann sendur úr landi. Fleiri sambærileg tilfelli hafa komið upp á undanförunum árum.

Meðal annars í ljósi ofangreinds leggja skýrsluhöfundar til eftirfarandi um heilbrigðis- og upprunavottorð vegna innflutnings á hundi til Íslands:

1. Vottorðið skal gefið út af opinberum dýralækni í viðkomandi útflutningslandi, eða
2. Vottorðið skal gefið út af dýralækni sem hefur starfsleyfi í viðkomandi útflutningslandi og áritað af opinberum dýralækni.

„Opinber dýralæknir“ er dýralæknir sem starfar hjá dýralæknayfirvöldum (eða í umboði dýralæknayfirvalda) viðkomandi útflutningslands.

7.3. Einangrun eftir komu til landsins

Núgildandi reglur kveða á um fjögurra vikna einangrun í viðurkenndri einangrunarstöð. Lagt er til að stytta dvöl í einangrun úr fjórum vikum í 14 daga (sólarringa) eins og hér segir:

Hundar og kettir skulu dvelja í 14 sólarringa í viðurkenndri einangrunarstöð eftir komu til landsins. Í einangrunarstöðinni gefst tími til að fylgjast með heilsufari þeirra, framkvæma heilbrigðisskoðun og taka sýni til skimunar og annarra rannsókna ef þörf krefur. Strangar kröfur ættu að vera um framlengingu einangrunar ef einkenni eru til staðar sem gætu bent til smitsjúkdóms. Meta þarf í hverju tilfalli fyrir sig hvort lengja þarf einangrunartímamann fyrir öll dýrin í stöðinni eða aðeins viðkomandi dýr. Matið byggir á eðli smitefnisins, t.d. er mikill munur á hvort um loftborið smit er að ræða eða smitefni sem aðeins berst milli hunda við pörun.

7.4. Skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir innflutning

7.4.1. Bólusetningar

Hundaæði

Hundar og kettir frá löndum án hundaæðis:

- Bólusetning við a.m.k. 12 vikna aldur og bólusetningu viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Mótefnamæling í fyrsta lagi 30 sólarringum eftir síðustu gildu bólusetningu. Mælist mótefni jafnt og eða meiri en 0,5 ae/ml má dýrið koma til landsins þegar niðurstaða mótefnamælingar liggur fyrir. Mælist mótefni lægri en 0,5 a.e./ml skal endurtaka bólusetningu og mótefnamælingu skv. sömu skilyrðum.

Hundar og kettir frá löndum þar sem hundaæði er haldið vel í skefjum:

- Bólusetning við a.m.k. 12 vikna aldur og bólusetningu viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Mótefnamæling í fyrsta lagi 30 sólarringum eftir síðustu gildu bólusetningu. Mælist mótefni jafnt og eða meiri en 0,5 a.e./ml má hundurinn koma til landsins 90 sólarringum eftir sýnatöku. Mælist mótefni lægri en 0,5 a.e./ml skal endurtaka bólusetningu og mótefnamælingu skv. sömu skilyrðum.

Hundafár

Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn hundafári. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarringum fyrir innflutning.

Leptospírúsýking

Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn leptospírúsýkingu. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarringum fyrir innflutning.

Hundainflúensa

Hundar frá áhættusvæðum skulu hafa gilda bólusetningu gegn viðeigandi stofnum hundainflúensu. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarringum fyrir innflutning. Áhættusvæði skulu skilgreind sérstaklega og endurmetin ef breyting verður á sjúkdómastöðu m.t.t. hundainflúensu.

Smitandi lifrabólga í hundum

Bólusetning vegna vistunar í einangrunarstöð: Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn smitandi lifrabólgu. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarringum fyrir innflutning.

Smáveirusótt

Bólusetning vegna vistunar í einangrunarstöð: Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn smáveirusótt. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarringum fyrir innflutning.

Parainflúensa

Bólusetning vegna vistunar í einangrunarstöð: Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn parainflúensu. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarhringum fyrir innflutning.

Bordetella bronchiseptica

Bólusetning vegna vistunar í einangrunarstöð: Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn *Bordetella bronchiseptica*. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarhringum fyrir innflutning.

Kattakvef

Bólusetning vegna vistunar í einangrunarstöð: Kettir skulu hafa gilda bólusetningu gegn kattakvefi. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarhringum fyrir innflutning.

Kattaflensa

Bólusetning vegna vistunar í einangrunarstöð: Kettir skulu hafa gilda bólusetningu gegn kattaflensu. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarhringum fyrir innflutning.

Kattafár:

Bólusetning vegna vistunar í einangrunarstöð: Kettir skulu hafa gilda bólusetningu gegn kattafári. Síðasta bólusetning skal hafa verið framkvæmd a.m.k. 14 sólarhringum fyrir innflutning.

7.4.2. Rannsóknir

Skv. núgildandi reglum skulu eftirfarandi rannsóknir fara fram innan 30 sólarhringa fyrir innflutning: blóðrannsókn vegna brúsellósu og rannsókn á saursýni vegna salmonellu. (sjá nánar í kafla 2). Eftirfarandi breytingar á skilyrðum um rannsóknir eru lagðar til:

Brúsellusýking - hundar

Innan 30 sólarhringa fyrir innflutning skal taka blóðsýni og það rannsakað m.t.t. *Brucella canis* með RSAT (rapid slide agglutination test), TAT (tube agglutination test) eða IFAT (indirect fluorescent antibody test). Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja hundinn til landsins.

Hjartaormasýking af völdum *Dirofilaria immitis*

Annað hvort skal:

a) taka blóðsýni innan 30 sólarhringa fyrir innflutning og það rannsakað m.t.t. hjartaormasýkingar af völdum *D. immitis* með aðferð sem samþykkt er af Matvælastofnun. Niðurstaða skal vera neikvæð.

eða

b) meðhöndla hunda með sníkjudýrallyfjum sem eru skráð til meðferðar gegn *D. immitis* 5-10 sólarhringum fyrir innflutning.

Hjartaormasýking af völdum *Angiostrongylus vasorum*

Annað hvort skal:

a) taka blóðsýni innan 30 sólarhringa fyrir innflutning og það rannsakað m.t.t. hjartaormasýkingar af völdum *A. vasorum* með aðferð sem samþykkt er af Matvælastofnun. Niðurstaða skal vera neikvæð.

eða

b) meðhöndla hunda með sníkjudýrallyfjum sem eru skráð til meðferðar gegn *A. vasorum* 5-10 sólarhringum fyrir innflutning.

Kattaeyðniveira

Innan 30 sólarhringa fyrir innflutning skal taka blóðsýni til mótefnamælingar m.t.t. kattaeyðniveiru. Niðurstaða skal vera neikvæð

Kattahvítblæði

Innan 30 sólarhringa fyrir innflutning skal taka blóðsýni til veirugreiningar m.t.t. kattahvítblæðis. Niðurstaða skal vera neikvæð

7.4.3. Meðhöndlunir

Skv. núgildandi reglum skulu hundar meðhöndlaðir gegn bandormum og ytri sníkjudýrum (óskilgreint hvaða tegundum) á síðustu 10 sólarhringum fyrir innflutning (sjá nánar í köflum 3 og 4). Eftirfarandi breytingar á meðhöndlun eru lagðar til:

Meðhöndlun gegn útvortis sníkjudýrum – hundar og kettir

Meðhöndla skal hunda og ketti tvisvar sinnum gegn útvortis sníkjudýrum með sníkjudýralyfjum sem ná til lúsa (lice), flóa (fleas) og mítla (ticks) með a.m.k. 14 sólarhringa millibili. Fyrri meðhöndlun skal fara fram 21-28 sólarhringum fyrir innflutning. Seinni meðhöndlun skal fara fram 5-10 sólarhringum fyrir innflutning.

Ofangreind meðhöndlun nær þó ekki m.a. til sarcoptes, hringskyrfis, né brúna hundamítlsins. Heilbrigðissskoðun við komu og einangrun með vöktun á heilsufari á meðan er því afar mikilvægt til að hindra að þetta smit berist til landsins.

Meðhöndlun gegn þráðormum – hundar og kettir

Meðhöndla skal hunda og ketti tvisvar sinnum gegn þráðormum með a.m.k. 14 sólarhringa millibili. Fyrri meðhöndlun skal fara fram 21-28 sólarhringum fyrir innflutning. Seinni meðhöndlun skal fara fram 5-10 sólarhringum fyrir innflutning.

Meðhöndlun gegn bandormum – hundar og kettir

Meðhöndla skal hunda og ketti tvisvar sinnum gegn bandormum með a.m.k. 14 sólarhringa millibili. Fyrri meðhöndlun skal fara fram 21-28 sólarhringum fyrir innflutning. Seinni meðhöndlun skal fara fram 5-10 sólarhringum fyrir innflutning.

Ofangreindir skammtar og meðferðatíðni mun þó ekki duga gegn m.a. lifrarögðum (trematoda), *S. stercoralis*, tunguormum (*Linguatula serrata*) og hjartaormunum *Angiostrongylus*, né *Dirofilaris*. Heilbrigðissskoðun við komu, skimun í saur og einangrun með vöktun á heilsufari á meðan er því afar mikilvægt til að hindra að þetta smit berist til landsins.

7.4.4. Heilbrigðissskoðun

Hundar og kettir skulu heilbrigðissskoðaðir 5-10 sólarhringum fyrir innflutning. Dýrin skulu vera laus við ytri sníkjudýr og klínísk einkenni smitsjúkdóma. Dýrin skulu skoðuð sérstaklega með tilliti til tunguorma (*Linguatula serrata*), kláðamítla (*Sarcoptes scabiei* spp.) og húðsveppasýkingar. Hundar skulu auk þess skoðaðir sérstaklega með tilliti til smitandi kynfæraæxla og kettir m.t.t. kattabólu.

7.5. Skilyrði sem þarf að uppfylla í einangrun

7.5.1. Rannsóknir

Skv. núgildandi reglum skulu saursýni rannsökuð m.t.t. innvortis sníkjudýra. Lagt er til að skimun þessi verði óbreytt. Sníkjudýr greinast jafnan í hverjum innflutningshópi og þá er hægt að grípa til viðeigandi ráðstafana áður en dýrið er útskrifað úr einangrun. Í sumum tilfellum er dýrum auk þess fylgt eftir með frekari sýnatökum eftir útskrift.

Ennfremur hafa verið tekin sýni til mótefnaæmilinga vegna hundainflúensu (H3N8) frá árinu 2006 eftir að sjúkdómurinn, sem barst úr hrossum í hunda, greindist fyrst í Bandaríkjunum. Lagt er til að þessari skimun verði hætt (en á móti kemur krafa um bólusetningu frá áhættusvæðum).

Auk ofangreinds skal framkvæma nauðsynlegar rannsóknir ef grunur vaknar um smitsjúkdóm hjá hundi í einangrun.

7.5.2. Meðhöndlunir

Skv. nógildandi reglum skal meðhöndla alla hunda gegn sullaveikifári (bandorminum *Echinococcus multilocularis*) og öðrum inn- og útvortis sníkjudýrum innan þriggja daga frá komu í einangrun. Sníkjudýrameðhöndlun skal svo endurtekin innan þriggja daga fyrir brottför úr einangrun.

Þar sem gert er ráð fyrir markvissari sníkjudýrameðhöndlun fyrir innflutning er lagt til að meðhöndla skuli einu sinni í einangrun og að sú meðhöndlun fari fram innan þriggja daga fyrir útskrift. Í þessu samhengi er þó vert að benda á að ofmeðhöndlun með sníkjudýralyfjum getur aukið hættuna á ónæmi. En þar sem talsverð áhætta er á að sníkjudýr berist til landsins með innflutningi hunda er æskilegt að fara fram á eina meðhöndlun í einangrun svo það sé tryggt með óyggjandi hætti að hundurinn hafi verið meðhöndlaður.

Hundar sem greinast með sníkjudýr í einangrun (við skimun eða vegna klínískra einkenna) skulu fá viðeigandi meðhöndlun.

7.5.3. Heilbrigðissskoðun

Skv. nógildandi reglum skal heilbrigðissskoðun fara fram innan þriggja daga frá komu dýrs í einangrun. Einnig innan þriggja daga fyrir útskrift úr einangrun. Lagt er til að skilyrði um heilbrigðissskoðun verði óbreytt.

Á meðan einangrun stendur skal fylgjast sérstaklega vel með einkennum um öndunarfarasjúkdóm. Starfsmenn einangrunarstöðva skulu þjálfaðir í að fylgjast með einkennum sem geta bent til slíkra veikinda.

7.6. Hjálparhundar

Hjálparhundar eru hér skilgreindir sem leiðsöguhundar fyrir blinda, merkjahundar fyrir heyrnarskerta eða hjálparhundar fyrir hreyfihamlaða, flogaveika og sykursjúka, sem aðstoða einstaklinga með ofangreinda greiningu til að takast á við umhverfi sitt. Í skýrslu PW kemur fram að minni áhætta fylgi innflutningi slíkra hunda en annarra hunda. Byggist þetta m.a. á eftirfarandi forsendum:

- Um er að ræða lítinn hóp hunda, þ.e. hlutfallslega fáa miðað við heildarfjölda innfluttra hunda ár hvert.
- Hjálparhundar eru nær ávallt hafðir í taumi og eru sérþjálfaðir til þess að halda sig nálægt sínum eigendum þegar þeir eru utandyra. Þeir eru því í takmörkuðum samskiptum við aðra hunda.
- Hjálparhundar eru alla jafna geldir og ólíklegir til að fara á flakk burt frá heimili sínu.

Hjálparhundar eru því ólíklegri til þess að komast í aðstæður þar sem líkur á sjúkdómasmiti eru miklar, þ.e. þeir komast síður í snertingu við aðra hunda eða villt dýr. Smitsjúkdómar sem berast með smitferjum (vektorum s.s. mítlum) gætu þó verið undanskildir þar sem leiða má líkur að því að hjálparhundar dvelji jafn lengi utandyra og aðrir hundar.

Lagt er til að hjálparhundar skuli sæta sömu innflutningsskilyrðum og aðrir hundar að því undanskildu að 14 daga einangrun geti farið fram í heimasóttkví undir eftirliti Matvælastofnunar. Eftirfarandi ætti við um slíka heimasóttkví:

- Heimild til heimasóttkvíar vegna innflutnings er eingöngu veitt vegna hjálparhunda sem hlotið hafa vottaða þjálfun samþykkt af Matvælastofnun.
- Sækja skal sérstaklega um heimild til þess að halda hjálparhund í heimasóttkví.
- Eftirlit með hundum í heimasóttkví, þ.e. rannsóknir, meðhöndlanir og heilbrigðisskoðun skal fara fram með sama hætti og eftirlit með hundum í einangrunarstöð sbr. kafli 7.5.
- Innflytjandi skal tilnefna þjónustudýralækni sem mun framkvæma heilbrigðisskoðun, og sýnatökur ásamt því að vera til taks vegna neyðartilfella. Þjónustudýralæknirinn sem skal hafa leyfi til að stunda dýralækningar á Íslandi, skal framfylgja reglum um smitvarnir í heimasóttkví og leggja til viðeigandi smitvarnabúnað. Innflytjandi skal leggja fram undirritaðan samning við dýralækni með umsókn um heimild til að hjálparhund í heimasóttkví.
- Úttekt á heimasóttkví og samþykki Matvælastofnunar er forsenda leyfis.
- Hundurinn skal dvelja innandyra á heimili eiganda en hann skal hafa aðgang að skilgreindu, afgirtu útisvæði.
- Þegar hundinum er hleypt á útisvæði skal hann vera í taumi, nema ef girðingar eru með þeim hætti að ómögulegt geti talist að hann sleppi út.
- Allan saur skal hirða, setja í plastpoka og farga tryggilega.
- Engin önnur dýr skulu dvelja á heimilinu eða koma í heimsókn.
- Takmarka skal aðgang annarra dýraeigenda að heimilinu.
- Þjónustudýralæknir skal samdægurs að lokinni hverri heilbrigðisskoðun senda skýrslu (sérútbúið eyðublað) til Matvælastofnunar.
- Veikist eða slasast hundurinn skal tilkynna Matvælastofnun um það tafarlaust.
- Matvælastofnun fer með eftirlit með heimasóttkví og skal eigandi sjá til þess að stofnunin hafi aðgang til að framkvæma eftirlit hvenær sem er á meðan einangrun stendur.

Vegna þeirra innflutningsskilyrða sem koma fram í tillögum þessum er ljóst að hefja þarf undirbúning vegna innflutnings með nokkurra vikna eða mánaða fyrirvara. Þetta þarf að hafa í huga vegna utanfara með hjálparhunda frá Íslandi.

7.7. Aðrir þjónustuhundar

Fjallað var um hvort heimila mætti öðrum þjónustuhundum að dvelja í heimasóttkví við innflutning. Hér er átt við lögregluhunda, sprengju- eða fíkniefnaleitarhunda og aðra leitarhunda eða sporhunda. Eins og gildir um leiðsögu- og hjálparhunda getur verið um að ræða hunda sem er óskað eftir að fá til tiltekinn starfa á Íslandi, eða að íslenskir hundar fari tímabundið utan í sérstaka þjálfun. Þar sem um fjölbreyttan hóp er að ræða þá getur áhættan verið breytileg. Slíkir hundar eru almennt undir mikilli vöktun eigenda og reglubundnu eftirliti dýralæknis, en í sumum tilfellum ferðast þeir um svæði þar sem smithætta er aukin.

Niðurstaðan var sú að með styttingu einangrunartíma er dvölin í einangrunarstöð auðveldari í framkvæmd og gildir það jafnt um gæludýr og vinnuhunda. Lítið gagn væri að því að hafa slíka vinnuhunda í heimasóttkví, þar sem þeir gætu ekki sinnt störfum sínum á meðan þeir væru þar. Því er lítið svo á að lítil þörf sé á sérstakri undanþágu fyrir slíka hunda. Ef gerður er möguleiki á undanþágu, yrði það einungis ef þung rök lægju fyrir og tilsvarendi lítil áhætta og með hjálparhunda.

7.7.1. Tilgangur innflutnings

Innflutningskröfur ættu að vera þær sömu hver sem tilgangur innflutningsins er, þ.e.a.s. hvort sem um er að ræða innflutning í viðskiptalegum tilgangi eða aðeins flutningur á gæludýrum til landsins með eigendum. Í öllum tilvikum er hætta á að smitefni berist með innflutningnum.

7.7.2. Fræðsluefni

Gefa ætti út fræðsluefni fyrir innflytjendur gæludýra. Til dæmis um hvaða hættur fylgja því að taka að sér og flytja inn heimilislausu hunda frá útlöndum þegar lítið er vitað um bakgrunn þeirra. Annað sem mætti nefna er efni um velferð hjálparhunda en breytingar á umhverfi er mikið álag fyrir þessa hunda.

Viðauki: Samantekt á tillögum um breytt heilbrigðisskilyrði

SJÚKDÓMUR	HUNDAR / KETTIR	SKILYRÐI
Hundaæði	Hundar og kettir	<p><u>Hundar og kettir frá löndum án hundaæðis:</u> Bólusetning við a.m.k. 12 vikna aldur og bólusetningu viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Mótefnamæling í fyrsta lagi 30 dögum eftir síðustu gildu bólusetningu. Mælist mótefni jafnt og eða meiri en 0,5 a.e./ml má dýrið koma til landsins. Mælist mótefni lægri en 0,5 a.e./ml skal endurtaka bólusetningu og mótefnamælingu skv. sömu skilyrðum.</p> <p><u>Hundar og kettir frá löndum þar sem hundaæði er haldið vel í skefjum:</u> Bólusetning við a.m.k. 12 vikna aldur og bólusetningu viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og markaðshafa bóluefnis. Mótefnamæling í fyrsta lagi 30 dögum eftir síðustu gildu bólusetningu. Mælist mótefni jafnt og eða meiri en 0,5 a.e./ml má hundurinn koma til landsins 90 dögum eftir sýnatöku. Mælist mótefni lægri en 0,5 a.e./ml skal endurtaka bólusetningu og mótefnamælingu skv. sömu skilyrðum.</p>
Leptóspírósa, hundafár	Hundar	Hundar skulu hafa gilda bólusetningu. Síðasta bólusetning skal hafa farið fram að minnsta kosti 14 sólarhringum fyrir innflutning.
Hundainflúensa	Hundar	Hundar frá áhættusvæðum skulu hafa gilda bólusetningu gegn viðkomandi stofnum hundainflúensu. Síðasta bólusetning skal hafa farið fram að minnsta kosti 14 sólarhringum fyrir innflutning. <u>Áhættusvæði:</u> skilgreind og uppfært ef breyting verður á sjúkdómastöðu m.t.t. hundainflúensu.
Smitandi lifrabólga, smáveirusótt, parainflúensa, bordetella	Hundar	Krafa vegna vistunar í einangrunarstöð. Hundar skulu hafa gilda bólusetningu gegn smitandi lifrabólgu, smáveirusótt, parainflúensu og bordetellu. Síðasta bólusetning skal hafa farið fram að minnsta kosti 14 sólarhringum fyrir innflutning.
Kattafár, kattaflensa, kattakvef	Kettir	Krafa vegna vistunar í einangrunarstöð. Kettir skulu hafa gilda bólusetningu gegn kattafári, kattaflensu og kattakvefi. Síðasta bólusetning skal hafa farið fram að minnsta kosti 14 sólarhringum fyrir innflutning.
Kattahvítblæði	Kettir	Innan 30 sólarhringa fyrir innflutning skal taka <u>blóðsýni</u> til rannsóknar á kattahvítblæði (veirugreining) með neikvæðri niðurstöðu.
Kattaeyðniveira	Kettir	Innan 30 sólarhringa fyrir innflutning skal taka <u>blóðsýni</u> til rannsóknar á mótefnum gegn kattaeyðniveiru með neikvæðri niðurstöðu.
Brúsellusýking	Hundar	Innan 30 sólarhringa fyrir innflutning skal taka <u>blóðsýni</u> og það rannsakað m.t.t. <i>Brucella canis</i> með RSAT, TAT eða IFAT.

		Yfirlýsing eiganda um að hundurinn hafi ekki parast síðustu 2 mánuði.
Hjartaormasýking - <i>Dirofilaria immitis</i>	Hundar	Annað hvort skal meðhöndla eða taka sýni: Innan 30 sólarhringa fyrir innflutning skal taka <u>blóðsýni</u> (ELISA) til mótefnamælingar m.t.t. <i>D. immitis</i> með neikvæðri niðurstöðu.
Hjartaormasýking – <i>Angiostrongylus vasorum</i>	Hundar	Annað hvort skal meðhöndla eða taka sýni: Innan 30 sólarhringa fyrir innflutning skal taka <u>blóðsýni</u> (ELISA eða PCR) til mótefnamælingar m.t.t. <i>A. vasorum</i> með neikvæðri niðurstöðu.
Hjartaormasýking - <i>Dirofilaria immitis</i>	Hundar	Annað hvort skal taka sýni eða meðhöndla með lyfjum sem virka gegn <i>D. immitis</i> samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda 5-10 sólarhringum fyrir innflutning.
Hjartaormasýking – <i>Angiostrongylus vasorum</i>	Hundar	Annað hvort skal taka sýni eða meðhöndla með lyfjum sem virka gegn <i>A. vasorum</i> samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda 5-10 sólarhringum fyrir innflutning
Útvortis sníkjudýr og vektorbornir sjúkdómar	Hundar og kettir	Tvær meðhöndlunir gegn útvortis sníkjudýrum sem ná til flóa (fleas), lúsa (lice) og mítla (ticks) með a.m.k 14 sólarhringa millibili. Fyrri meðhöndlun skal fara fram 21-28 sólarhringum fyrir innflutning. Seinni meðhöndlun skal fara fram 5-10 sólarhringum fyrir innflutning
Þráðormar	Hundar og kettir	Tvær meðhöndlunir gegn þráðormum með a.m.k 14 sólarhringa millibili. Fyrri meðhöndlun skal fara fram 21-28 sólarhringum fyrir innflutning. Seinni meðhöndlun skal fara fram 5-10 sólarhringum fyrir innflutning
Bandormar	Hundar og kettir	Tvær meðhöndlunir gegn bandormum með a.m.k 14 sólarhringa millibili. Fyrri meðhöndlun skal fara fram 21-28 sólarhringum fyrir innflutning. Seinni meðhöndlun skal fara fram 5-10 sólarhringum fyrir innflutning
Aðrir smitsjúkdómar	Hundar og kettir	Heilbrigðisskoðun 5-10 sólarhringum fyrir innflutning. Dýrin skulu vera laus við ytri sníkjudýr og klínísk einkenni smitsjúkdóma. Dýrin skulu skoðuð sérstaklega með tilliti til tunguorma (<i>Linguata serrata</i>), kláðamítla (<i>Sarcoptes scabiei</i> spp.) og húðsveppa. Hundar skulu auk þess skoðaðir sérstaklega með tilliti til smitandi kynfæraæxla og kettir m.t.t. kattabólusmits.
Önnur sníkjudýr	Hundar og kettir	Skimun í saur í einangrun